

Ferðapjónustu-
bændur skerpa
sína sérstöðu



Fjárhundatamningar
og keppnishald í
Hornafirði



Íslenska
forystuféð



Bændablaðið

15. tölublað 2015 • Fimmtudagur 13. ágúst • Blað nr. 448 • 21. árg. • Upplag 32.000



Kristín Lárusdóttir bóndi í Syðri-Fljótum í Vestur-Skaftafellssýslu gerði sér lítið fyrir og tryggði sér heimsmeistaratitil í tölti á nýafstöðnu heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Danmörku. Hún hampar hér tölthorninu sem er ein æðsta viðurkenning sem íþróttamönnum sem keppa á íslenska hestinum getur hlotnast. Kristín vann firnasterka töltkeppni mótsins á klárnum Þokka frá Efstu-Grund.

Mynd / Karen Diehn

Meira er fjallað um mótið í máli og myndum á bls. 12.

Ær- og hrossakjöt ekki á bannlista Rússa

Á síðasta ári bönnuðu yfirvöld í Rússlandi innflutning á matvællum frá löndum Evrópusambandsins og Noregi sem mótvægisáðgerð við refsiaðgerðir Bandaríkjanna og Evrópusambandsins vegna Úkraínudeilunnar.

Bannið, sem upphaflega átti að vara í ár, hefur verið framlengt og íhuga rússnesk yfirvöld að bæta fleiri löndum á listann, þar á meðal Íslandi.

Ágúst Andrésson, ræðismaður Rússlands á Sauðárkróki, hefur ekki trú á að Rússar setji Ísland á bannlistann og þar að auki segir hann að ær- og hrossakjöt sé ekki á núverandi lista Rússa yfir matvæli sem ekki má flytja til landsins.

„Það er ekkert nýtt við það að Ísland styðji refsiaðgerðirnar gegn Rússum vegna Úkraínudeilunnar. Rússar settu okkur ekki á bannlist-



ann á síðasta ári og ég á mjög erfitt með að trúa að þeir geri það núna

Kjöttvinnslur og sláturhús í kröppum dansi

Sameining sláturhúsa og aukin samvinna í kortunum

Róðurinn hefur verið þungur undanfarin misseri hjá sláturhúsum og kjöttvinnslum og hallarekstur alvarlegur í vissum tilvikum. Sameining sláturhúsa og frekari samþjöppun er meðal þeirra úrræða sem eigendur ræða sín í milli þessa dagana.

Aðalsteinn Jónsson, varaformaður Norðlenska, segir í viðtali við Bændablaðið að það væri vítavert að taka ekki á málum áður en í óefni er komið. Norðlenska tapaði tæplega 50 milljónum króna á síðasta ári. Hann segir að aðstæður á markaði séu erfðar, samkeppni í öllum kjötgreinum og framboð á innanlandsmarkaði mikið. Aðalsteinn segir kostnaðarhækkunar hafa komið illa við félagið og að nú þurfi menn að fara vandlega yfir stöðuna og skoða alla möguleika. „Við þurfum að finna einhvern flöt á þessu, hvort sem það verður með sameiningum, samruna eða samvinnu. Við þessari stöðu þarf að bregðast strax, það er óhjákvæmilegt.“ segir Aðalsteinn.

Kjarnafæði lagði síðasta vor



Sláturstörf á Blönduósi Mynd /SAH.

fram tilboð í Norðlenska, en því var hafnað. Segja Kjarnafæðismenn að ekki komi til greina á þessari stundu að bjóða á ný í fyrirtækið. Líkur eru á að þeir kaupi aukinn hlut í rekstri SAH Afurða á Blönduósi, þar sem þeir eiga fyrir tæplega helmingshlut. Björn Magnússon, stjórnarformaður hjá SAH Afurðum á Blönduósi, segir alveg ljóst að staðan sé ekki góð og að þeir séu að skoða hvernig verður brugðist við erfiðleikum í rekstri.

Nánar er fjallað um rekstrarvanda sláturhúsanna á bls. 2 og viðbrögð bænda við nýbirtum verðlistum vegna sauðfjárslátrunar á bls. 4. /MPP & TB

Óvenjulegi ærdaudinn:

Engar orsakir að finna úr blóðsýnarannsóknnum

Fátt hefur verið að fréttu af rannsókn Landssamtaka sauðfjábænda og Matvælastofnunar á ástæðum óvenjumikils ærdauda sem varð vart í vetur og vor sem leið.



Sigurborg Daðadóttir

Niðurstöður áfangaskýrslu Matvælastofnunar sem var birt 9. júlí síðastliðinn, í kjölfar spurningakönnunar sem bændur svöruðu veflægt, gáfu ekki neinar vísbendingar um eina orsök fyrir vandamálinu. Fyrstu niðurstöður úr rannsókn á blóðsýnum, sem safnað var í sumar, gefa heldur ekki tilefni til að ætla að um einn orsakavald eða sjúkdóm sé að ræða.

Sigurborg Daðadóttir, yfirdýra-

læknir hjá Matvælastofnun, segir að niðurstöður úr blóðrannsóknunum hafi borist skömmu fyrir síðustu mánaðamót og fljótt á litid sé engar sjáanlegar orsakir fyrir ærdaudanum þar að finna. „Það á hins vegar eftir að leggjast betur yfir þetta þannig að við báðum dýralækna á Keldum um að fara yfir niðurstöðurnar með okkur. Vegna sumarfría er þeirri vinnu ekki lokið og ekki hægt að gera ráð fyrir endanlegum niðurstöðum fyrr en undir lok mánaðarins í fyrsta lagi. Eins og fram kemur í áfangaskýrslunni mun vinnan við að leita orsaka halda áfram í haust, en eins og staðan er núna er ekkert sem bendir til þess að um eina orsök sé að ræða. Orsakirnar geta verið margvíslegar og samspil ýmissa þátta, en fjöldinn er óeðlilegur.“ segir Sigurborg. /smh

þrátt fyrir framlengingu bannsins. Að mínu viti mun viðskiptasaga Íslands og Rússlands og djúp vinátta þjóðanna verða þess valdandi að Ísland verði ekki sett meðal þeirra þjóða sem eru á bannlistanum.“

Mikil verðmæti í húfi

Verði af banninu gæti það aftur á móti haft verulega slæmar afleiðingar í för með sér fyrir sjávarútvegsvirrtæki sem flytja afurðir til Rússlands.

Árið 2013 voru flutt úr 742 tonn af sauðfjárafurðum til Rússlands og 510 tonn 2014 en milli 500 og 700 tonn af hrossakjöti þessi sömu ár. Verðmæti þessa útflutnings er um 600 milljónir króna á ári.

Heildarútflutningsverðmæti til Rússlands fyrstu sex mánuði ársins 2015 nam um sjö milljörðum íslenskra króna en var á sama tímabili í fyrra tæpur 11,5 milljarðum. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi telja útflutningsverðmæti sjávarafurða nema 37 milljörðum í ár. /VH

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Sigrún og Pröstur rækta hvítkál og fjórar aðrar káltegundir. Þau leggja áherslu á gæði og taka allt upp í höndunum. Kálinu er sáð á vorin en tekið upp seinni-part sumars og fram á haust. Hafa þarf hraðar hendur við að hreinsa og flokka kálið og koma uppskerunni í hús fyrir veturinn. Fjölskyldan vinnur saman að ræktuninni enda liggur mikil vinna á bak við hvern kálhaus.

ÍSLENSKA STAFLS SÞ 50271 08 10 - ljómyndir: Þarf



ORMSSON SAMSUNG

SPARIDAGAR

25%

AFSLÁTTUR
AEG

Kaffivélar, brauðristar,
blandarar, töfrasprotar,
hraðsuðukönnur,
straujárn, ryksugur
o.m.fl.

standa nú sem hæst

Allar vörur á SPARIDÖGUM frá

AEG SAMSUNG Tefal Pioneer
ZANUSSI bodum BRAUN Nintendo Verbatim hama.

Tilboð • Afslættir • Verðlækkun

22%

AFSLÁTTUR
AEG

Pvottatæki,
kæliskápar, ofnar,
helluborð, víftur,
gufugleypar, o.m.fl.

AEG Pvottavél

LM62471F

7 kg. 1400SN

- Íslenskt stjórnborð
- Ný ryðfrí tromla "Protex"
- ÖKO-System" sparar sápu
- Vatnsskömmtun eftir taumagni
- Öll hugsanleg þvottakerfi

Verð áður: 119.900,-



25%
AFSLÁTTUR

AEG Þurrkari

T76280AC

7 kg. barkalaus

- Íslenskt stjórnborð
- Ný ryðfrí tromla "Protex"
- Stórt hurðarop, hægt að breyta
- Hægt að stilla fram í tímann
- Öll hugsanleg þurrkerfi

Verð áður: 119.900,-

Parið á kr. 179.800,- og þú sparar 60.000,-

SKELLTU ÞÉR SPARIFÖTIN - AFSLÁTTUR ALLAN HRINGINN



48" eða 55" UltraHD Samsung sjónvörp með
þráðlausu interneti

UE48JU6415 kr. 199.900,-

UE55JU6415 kr. 269.900,-



20%
AFSLÁTTUR

55" Samsung sjónvarp með þráðlausu interneti.

UE55H6475 kr. 199.900,-

Verð áður: 249.900,- og þú sparar 50.000,-



48" eða 55" UltraHD bogin Samsung sjónvörp
með þráðlausu interneti.

UE48JU6675 kr. 199.900,-

UE55JU6675 kr. 269.900,-

KÆLISKÁPAR AF ÖLLUM GERÐUM



15%
AFSLÁTTUR

FRYSTISKÁPUR

RZ27H6200WW

277 lítra
180 cm hár
Blásturs kældur
(no frost.)
Aldrei að afþýða.

Kr. 119.920,-

PVOTTAVÉLAR OG ÞURRKARAR



Þurrkari með varmadælu
DV70F5E0HGW
106.000,-



7 kg 1200 SN
WF1702NHV
KR. 59.900,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

SAMSUNG
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------

Fréttir



Fengur frá Krossi er kominn í leitirnar.

Fjögur hross af sjö komin í leitirnar

Voru gefin til heimaslátrunar í nóvember síðastliðnum

Við greindum frá því í lok júní síðastliðnum að það hefði verið auglýst í smáauglýsingahlutanum hér í blaðinu eftir sjö hrossum sem eigandanum hafði verið meinað að fá til sín. Elín S. Kristinsdóttir, eigandi þessara hrossa, greindi þá frá sögu sinni þar sem fram kom að frá því að hún varð að fullu eigandi hrossanna sjö, hefði hún ekkert séð til þeirra.

Forsögu þessa máls má rekja til deilna á milli Elínar og fyrrum sambýlismanns hennar um eignarhald á umræddum hrossum, sem endaði með hestarréttardómi í september á síðasta ári, skiptafundi, uppboði í lok nóvember og síðan útgáfu afsals sýslumanns í byrjun desember.

Að sögn Elínar gaf maður sig fram fljótlega í kjölfar umfjöllunar blaðsins. „Þá hafði maður samband og spurðist fyrir um nafnið á fyrrum sambýlismanninum þar sem hann grunaði að hann væri með fjögur af þessum sjö hrossum í sinni umsjá. Hann hafði fengið þau gefins til heimaslátrunar og það hefði legið fyrir að koma því í verk fljótlega. Nafnið stemmdi en það var vinur þess sem hringdi sem áttaði sig á því að líklega væri hann með hluta þeirra hrossa sem ég auglýsti eftir. Ég fór svo fljótlega í heimsókn til hans til að ganga úr skugga um þetta og ég þekkti hrossin strax. Við vildum bæði láta lesa örmerkin á þeim og var það gert daginn eftir og hrossin síðan afhent. Lögreglan var viðstödd svo ekki færi á milli mála að ég hefði fengið hrossin í mína vörslu. Maðurinn sem afhenti mér þau hafði ekki hugmynd um örmerkingar hrossa og það að koma þeim í heimaslátrun hefur sennilega átt að leiða til þess að ekki yrði hægt

að fá vitnesku um afdrif þeirra,“ segir Elín.

Kæran stendur

Málinu er enn ekki lokið og kæran stendur gagnvart fyrrum sambýlismanni Elínar og samverkafólki hans. Enn vantar þrjár hryssur, þær Fold frá Krossi dökkjarpa (sn. IS2003235761), Freyju frá Krossi rauða tvístjörnötta, (sn. IS2001235760) og Svól frá Skarði 1, móvindotta (sn. IS2003235761). „Kæran lýtur að því að halda hesta sem eru í minni eign með ólögmatum hætti og neita að afhenda þá eða upplýsa hvar þeir eru,“ segir Elín. Í kærinni kemur fram það mat að kærði hafi með háttsemi sinni brotið gegn ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum ákvæðum um fjárdrátt. Þá hafi samverkafólk hans gerst brotlegt við ákvæði sömu laga um hlutdeild eða eftir atvikum hylmingu.

Freyr Karlsson, maðurinn sem fékk hrossin fjögur í sínar hendur í nóvember síðastliðnum, ætlaði að slátra þeim til neyslu fyrir sig og fjölskyldu sína nú í haust. Hann staðfestir að maðurinn sem kom með þau til sín sé fyrrum sambýlismaður Elínar. Hann segir að skýrt hafi verið tekið fram að þetta væru ekki reiðhestar; þeir væru með tungubasl, hentu fólki af sér og fleira. Þar af leiðandi væri best að slátra þeim. Ástæðuna fyrir því að fyrrum sambýlismaðurinn kom þeim ekki í slátruhús sagði hann við Frey vera þá að það væri langur biðtími í slátruhúsum. Freyr er sjálfur trésmiður að atvinnu og tómsundarbóndi með nokkrar kindur og kálfa í Vogum. Hann segist gefinn fyrir hrossakjöt og honum hefði ekki þótt verra að fá það gefins eins og raunin átti að vera með hross Elínar. /smh

Auknar vinsældir Íslands meðal erlendra skiptinema

Mun færri komast að en vilja

„Ísland er greinilega mjög vinsælt um þessar mundir og ekki bara meðal ferðamanna,“ segir Sólveig Tryggvadóttir deildarstjóri erlendra nema hjá AFS á Íslandi, en alls búrast nú um 20% fleiri umsóknir frá erlendum skiptinema sem vilja dvelja hér á landi á komandi mánuðum en var fyrir árið 2014 til 2015. Að jafnaði er tekið á móti um 30 skiptinema á vegum AFS hér á landi árlega, en þeir verða tæplega 40 nú. Aldrei hefur þurft að hafna jafnmörgum umsóknum og nú í ár.

AFS-skiptanemasamtökin á Íslandi eru alþjóðleg fræðslusamtök sem hafa sent íslensk ungmenni utan til skiptinemasvæðis frá árinu 1957 eða í hartnær sex áratugi. Að sama skapi hafa samtökin skapað vettvang fyrir erlendra skiptinema að dvelja hér á landi í 10 mánuði í senn. Mikil reynsla og þekking hefur skapast innan samtakanna eftir ríflega hálf-rar aldar starfsemi. AFS-samtökin eru starfrækt í yfir 50 löndum víðs vegar um heiminn en hingað til lands koma árlega ungmenni, 15 til 19 ára gömul, og dvelja að jafnaði í 10 mánuði í senn. Skiptinemarnir eru væntanlegir hingað til lands í lok næstu viku og eru þeir til heimilis á höfuðborgarsvæðinu eða vítt og breitt um landsbyggðina.

Kynnast íslenskum landbúnaði

Fyrir nokkrum árum var sá siður endurvakinn að gefa skiptinema kost á að dvelja á íslenskum sveitabæ á meðan á Íslandsdvölinni stendur og taka þátt í hefðbundnum störfum við landbúnað. Sólveig segir að þetta sé sérstaklega mikilvægt fyrir þá skiptinema sem búsetu hafa á höfuðborgarsvæðinu. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og namar alsælir með að fá tækifæri til að kynnast þeim störfum sem íslenskir bændur inna af hendi.

Kyrrðin eftirsóknarverð

Sólveig segir að fyrst og fremst sé það áhugi á Íslandi, íslenskrum menningu og tungu sem fær ungmenni til að yfirgefa heimahagana og kynna sér siði og venjur Íslendinga.



Annisai frá Indónesíu reynir fyrir sér í sláturgerð með fjölskyldu sinni í Hafnarfirði.



Sólveig Tryggvadóttir, deildarstjóri erlendra nema hjá AFS á Íslandi.



Vivi frá Kína í hesthúsi íslensku fjölskyldu sinnar.



Tæplega 40 skiptinemar koma hingað til lands í lok næstu viku, en þessir sem komið hafa sér fyrir í strætóskyli eru í hópi þeirra nema sem koma hingað á liðnu ári. Myndir frá AFS á Íslandi.

„Markmið dvalarinnar er að kynnast landi og þjóð og hápunkturinn er svo auðvitað þegar þessir krakkar hafa tileiknað sér menningu okkar og renna saman við innfædda,“ segir hún. „Þeir sem sækjast eftir að koma hingað til lands eru yfirleitt miklir náttúruunnendur og leita eftir einhverju allt öðru en þeir búa við í sínu heimalandi, margir nefna að kyrrðin á Íslandi sé eftirsóknarverð.“

Sólveig segir að þó svo umtalsvert fleiri skiptinemar hafi sótt um Íslandsdvöl nú í ár og ásóknin sé greinilega vaxandi muni samtökin halda sig við svipaða tölu og áður. Það sé m.a. gert til að halda uppi ákveðnum gæðum varðandi dvöl þeirra hér á landi. „Það er ekki á stefnuskránni að moka inn skiptinema, þótt greinilega væri það hægt þegar horft er til fjölda umsókna,“ segir Sólveig.



Skiptinemasbræðurnir Álfur og Yuki. Álfur fór sem skiptinemi til Argentínu og Yuki, sem er frá Japan, kom til Íslands og bjó hjá fjölskyldu hans í Reykjavík.

Finum stað við hæfi

Aukin áhugi er meðal ungmenna frá hinum ýmsu Evrópulöndum að koma til Íslands og segir Sólveig að þar skipti áhugi þeirra á íslenska hestinum verulegu máli, sumir eigi jafnvel íslenskan hest í sínu heimalandi. Reynt er að koma þeim fyrir á bæjum hér og hvar um landið þar sem stundaður er hestabúskapur. Eins hafi ungmenni sem stunda skíðaíþróttina sóst eftir að dvelja hér á landi og að sama skapi er þá fundin fyrir þá viðeigandi staður, t.d. á Ísafirði eða á norðanverðu landinu. „Við reynum að finna hverjum og einum stað við hæfi. Reynslan sem krakkar fara með heim að lokinni dvöl á Íslandi skiptir meginmáli og þá að hún standi undir væntingum og sé góð,“ segir Sólveig. /MÞ

Leyfisveitingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum

Í lok júní samþykkti Alþingi breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Lögunum er m.a. ætlað að hindra að dýrasjúkdómur berist til landsins en óheimilt er að flytja inn ákveðnar landbúnaðarvörur nema með sérstöku leyfi. Matvælastofnun mun framvegis sinna þessum leyfisveitingum.

Fyrir fyrrgreinda lagabreytingu gaf sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra út leyfi til innflutnings og þurftu umsækjendur að sækja um leyfi til innflutnings til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Frá og með 21. júlí 2015 ber umsækjendum að sækja um leyfi til innflutnings á neðangreindum vörum til Matvælastofnunar:

- Hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, bæði unnar og óunnar, hrá egg, ósótthreinsuð hrá skinn og húðir, alidýraáburð og rotmassa blandaðan alidýraáburði.
- Kjötmjöl, beinamjöl, blóðmjöl og fitu sem fellur til við vinnslu þessara efna.
- Hey og hálm.
- Hvers konar notaðar umbúðir, reiðtygi, vélar, tæki, áhöld og annað sem hefur verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang.
- Hvers konar notaðan búnað til stangveiða.

KÁLFASÝNING
HANDVERKSSÝNING


HRÚTASÝNING

DÝRAGARÐUR

VÉLASÝNING
OPIN BÚ

AFPREYING FYRIR BÖRNIN

KVÖLDVAKA OG MARGT
FLEIRA



Sveita Sæla 2015

LANDBÚNAÐARSÝNING & BÆNDAHÁTÍÐ

LAUGARDAGINN 22. ÁGÚST

Í REIÐHÖLLinni SVADASTAÐIR, SKAGAFIRÐI

Sýningin er opin frá 10:00 - 17:30 og er aðgangur ókeypis • Kvöldvaka frá kl. 19:30
Þar koma saman allir þeir sem að vilja gera sér glaðan dag og hafa gaman!

Kjörið tækifæri til að kynnast íslenskum landbúnaði.



NÁNARI DAGSKRÁ MÁ FINNA Á www.svadastadir.is



Landsvirkjun

Ef þú hleypur 10 kílómetra notarðu jafnmikla orku og þarf til að hafa kveikt á einum ljósastaur í átta klukkustundir

Gagnvirkar orkusýningar Landsvirkjunar í Búrfelli
og Kröflu varpa ljósi á orkuna sem býr í öllum hlutum.

Landsvirkjun vinnur rafmagn úr endurnýjanlegum
orkugjöfum; vatnsafla, jarðvarma og vindi.

Líttu við í sumar.

Opið 10-17 alla daga til 30. ágúst.
Leiðarlýsingar á landsvirkjun.is/heimsoknir

Fréttir

Miklar framkvæmdir á Mýrum í Hornafirði

Nýtt fjós í Flatey er tæpur hálfur hektari að stærð

Framleiðslugetan verður um tvær milljónir lítra á ári

Á kúabúinu Flatey á Mýrum í Hornafirði rís eitt stærsta fjós landsins þessa dagana. Forsvarsmenn búins, sem er í eigu Selbakka ehf., hyggjast tvöfalda mjólkurframleiðslu á Flateyjarbúinu en nú eru þar framleiddir um 900 þúsund lítrar á ársgrundvelli. Eftir stækkunina verður mögulegt að auka mjólkurframleiðsluna í tvær milljónir lítra á ári.

Selbakki er dótturfélag útgerðar-fyrirtækisins Skinney-Þinganes. Það vakti þónokkra athygli þegar fréttist að menn úr sjávarútvegi hygðust kaupa Flateyjarbúíð af Landsbankanum. Bankinn hafði áður tekið yfir reksturinn af fyrirtækinu Lífsvali sem átti tugi bújarða um allt land fyrir nokkrum árum. Nú byggja nýir eigendur upp af miklum myndarbrag þú sem á sér vart hliðstæðu á Íslandi.

Friðrik Reynisson er bústjóri í Flatey og hefur verið þar frá upphafi þegar fyrri eigendur ákváðu að breyta gamalli grasköggglaverksmiðju í fjós með tveimur mjaltþjónum. Bændablaðið hitti Friðrik að máli og ræddi við hann um framkvæmdirnar og hagkvæmni þess að byggja jafn stóra framleiðslueiningu og þá í Flatey.

Aukin rekstrarhagkvæmni er drifkrafturinn

Friðrik segir að grunnurinn að því að fara út í stækkun búins sé að ná aukinni rekstrarhagkvæmni. „Ég tel að það verði auðveldari rekstur á svona einingu en á fjósi með tveimur mjaltþjónum. Við getum nýtt fjárfestinguna betur og jörðina.“ Í gamla fjósinu eru um 130 kúr mjólkandi ásamt geldkúm. Sú bygging var áður grasköggglaverksmiðja en var breytt með ærnum tilkostnaði í fjós þegar Lífsval rak búíð. Öll klæðning var rifin utan af húsinu, bitar og sperrur sandblásnar og klætt með yleiningum. Nú eru tveir Lely-mjaltþjónar í gangi en þeir verða fjórir í nýja fjósinu. Aðlunin er að nýta eldri bygginguna til uppeldis að sögn Friðriks.

300 kúr rúmast í nýja fjósinu

Framleiðslan hjá búinu hefur aukist síðustu ár og slagar hátt í milljón lítra á ári. „Það var raunar metmánuður í júlí þegar við fórum í 88 þúsund lítra framleiðslu,“ segir Friðrik sem metur það svo að framleiðslugeta í nýja fjósinu geti orðið allt að tveimur milljónum lítra á ári. Greiðslumark í Flatey er rúmlega 700 þúsund lítrar og nú þegar framleiddir búíð tölur verða umfram mjólk. Aðspurður um kvótamálin segir Friðrik að eigendur viti ekki frekar en aðrir hvernig þau þróist. „Við höldum bara áfram veginn,“ segir hann.

Byggingarstjórnun er á hendi Birkis Birgissonar en að sögn Friðriks koma nokkrir aðilar að hönnun og annarri ráðgjöf í kringum fjósbygginguna. Heildarflatarmál nýja fjóssins er um 4.700 fermetrar sem er tæpur hálfur hektari. Margir aðilar koma að byggingunni en aðalverktaki fjóssins er hornfirski verktakafyrirtækið Mikael ehf.

„Það er stefnan að vera komin inn með gripi í bygginguna í haust en við keyptum kúr á Suðurlandi fyrir nokkru. Stefnir er að því að vera með um 300 kúr og dreifa burðinum alveg jafnt yfir árið,“ segir Friðrik.



Friðrik Reynisson bústjóri segir að markmiðið með því að stækka búíð í Flatey sé að ná aukinni rekstrarhagkvæmni.



Ný haugþró er sex metrar á dýpt og 30 metrar í þvermál.

Myndir / TB



Verktakar sáu um heyskapinn í Flatey í ár og hejið var keyrt í útistæður.

Reglufesta er mikilvæg

Framleiðsluskipulagið í fjósinu verður eins og víða tíðkast í fjósum af þessari stærðargráðu og íslenskir bændur þekkja af skoðunarferðum sínum í dönsk fjós. „Draumurinn er – hvort sem hann rætist nú endanlega eða ekki – að þetta verði einskonar hringur sem kynnir fara inni í fjósinu. Þá byrja kynnir sem eru í geldstöðu á ákveðnum stað í húsinu. Þegar

þær bera fara þær í burðarstíur og þaðan yfir í velferðina. Þegar mjólkinn minnkar í kúnum og þær verða aftur kálfafullar fara þær á annað svæði. Þegar svona margir gripir eru í fjósinu verður að vera rútna og regla og henni er ætlað að ná með þessu skipulagi,“ segir Friðrik. Útivist kúnna er þannig skipulögð að beit-arhólf eru rétt við fjósið. Hjörðinni verður tvískipt og ekki allur flotinn úti í einu að sumarlagi.



Nýja fjósið í Flatey er engin smásmíði og minnir helst á íþróttahöll. Við hlið þess er gamla fjósið sem áður var grasköggglaverksmiðja.

Nær allt hey í útistæðum

Áætlað er að heilfóðra gripina í nýja fjósinu. Sú nylunda var gerð í heyskapnum í sumar að nær allt fóðrið var verkað í útistæður. Að sögn eigandans var kostnaður við plastkaup og tímafrekur heimastur á rúllum það sem réði úrslitum þegar sú ákvörðun var tekin að hætta nær alfarið rúlluverkun á búinu. Ef allt hefði verið bundið í rúllur væri plastkostnaður í kringum 2,5 milljónir króna. Annað, sem er athyglisvert á jafn stóru bú, er að í ár sáu verktakar um heyskapinn að mestu leyti. Alls var heyjað af um 200 hekturum og tók verkið ekki nema fjóra sólarhringa, frá því að byrjað var að slá og þar til allt hey var komið heim í stæður við nýja fjósið. Að auki eru Flateyjarbændur með slægjur á bænum Einholti þar sem enn er heyjað í rúllur.

Búíð að rækta upp fjölda hektara

Flatey er landmikil jörð með gnægð af ræktanlegu landi. Mikil ræktun hefur átt sér stað á undanförunum árum. Áður en Lífsval eignaðist jörðina var búskapur lagður af á bænum og grasköggglaverksmiðjunn lokað. „Það var öllu snúðið við á fyrstu árunum og allt girt upp á nýtt. Við erum ennþá að rækta upp og með fyrirgjandi stækkun búins höldum við áfram á þeirri braut“ segir Friðrik. Jarðvegurinn er góður, jarðvatnsstaða er há og stutt niður á möl. Að sögn Friðriks notar hann um 550 kg af áburði á hektarann.

„Landið er nokkuð fjölbreytt og ekki allsstaðar rýrt, við getum valið úr. Í viðbót við það sem komið er í ræktun má segja að við höfum um 130 hektara þar sem ekkert annað þarf að gera en að stinga plógnum niður. Heildartúnastærð sem við höfum nú til umræða, með Einholti, er um 300 hektarar og elstu túnin eru síðan 2008,“ segir Friðrik.

Fuglinn gerði út um kornræktina

Á búinu var ræktað korn í stórum stíl en í ár eru engir kornakrar. „Kornræktin reyndist okkur dýr og við ákváðum að setja ekkert korn niður þetta árið. Fuglinn er svo skæður og mun verri en haustlægdarnar. Það kom ekkert veður í fyrra sem eyðilagði kornið, bara fuglinn. Maður ræður ekkert við álfina,“ segir Friðrik.

Góðir starfsmenn eru lykillinn að farsælum búrekstri

Alls eru nú fimm starfsmenn á Flateyjarbúinu en þeir hafa verið þrír síðastliðin ár. Friðrik hefur starfað við búíð frá upphafi en áður var faðir hans, Reynir Sigursteinsson, bústjóri. Kristín Egilsdóttir er fjósameistari og er lykilstarfsmaður að sögn Friðriks við að láta hlutina ganga upp í fjósinu. „Við höfum verið með harðduglegt fólk í vinnu og óskaplega heppin með það. Stína hefur verið hér frá upphafi svo að segja en hún sér nær alveg um fjósið og flest sem því við kemur, allt bókhald og fleira sem tengist rekstri þess. Það er gott að hafa fólk sem maður getur treyst.“

Reynslan mun skera úr um hvort rekstrarmarkmið náist

Friðrik segir að bú af þessari stærðargráðu skipti miklu máli fyrir landbúnað á svæðinu og það hafi verið heillaspor þegar útgerðarmenn frá Höfn hefðu ákveðið að koma inn í reksturinn. Aðspurður um kostnað við stækkunina segist bústjórinn ekki hafa þær tölur á reiðum höndum. Áætlanagerð og framkvæmd sé á hendi eigenda Selbakka ehf.

Reynslan mun síðan skera úr um hvort kúabú sem framleiddir tvær milljónir lítra af mjólk á ári, eða kringum 1,5% af heildarframleiðslunni í landinu, komi til með að reynast hagkvæm framleiðslueining og skila eigendum sínum viðunandi hagnaði.

/TB



**SÓLVARNAGLER
OG ÚTSÝNI Í SKJÓLI**

ispan@ispan.is • ispan.is

Íspan
GLER OG SPEGLAR

Dekkjainnflutningur

**15% afsláttur af öllum dekkjum
til 31. ágúst 2015**

Eigum á lager flestar stærðir
traktora-, vagna-, vinnuvéla-
og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla-
og jeppadekkja.

33" - 35" jeppadekk í úrvali
á góðu verði.

Vinsamlegast hafið samband við

Árman Sværissón 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is

Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124



Jason ehf.
Hafnarstræti 88
Akureyri



ARGO.is
s-8610000

Burðargeta 3000kg

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



**12 kg
Þvottavél**

- Tekur heitt vatn > sparneytin
- Stórt op > auðvelt að hlaða
- Þvotta og orkuklassi A
- Engin kol í mótör

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Er kjarnfóðrið að skila hámarksárangri?

- Gæði heyja breytast með ári hverju og því þarf val á kjarnfóðri að taka mið af heyfengnum.
- Nú er rétti tíminn til að huga að vali á kjarnfóðurtegund fyrir kýrnar.
- Ráðgjafar Líflands leiðbeina þér um val á hentugustu kjarnfóðurtegund með þínum heyjum.
- Endurgjaldslaus fóðuráætlun stendur viðskiptavinum Líflands til boða.



Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

Lynghálsi, Reykjavík
Óseyri, Akureyri

Efstubraut, Blönduósi
Borgarbraut, Borgarnesi

www.lifland.is
lifland@lifland.is

LÍFLAND



Átta íslenskir heimsmeistarar á Heimsleikum íslenska hestsins

Skaftfellskur bóndi, Kristín Lárusdóttir, kom, sá og sigraði

Það ríkti hátíðarstemning á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins sem fór fram í Herning í Danmörku dagana 3. til 9. ágúst. Þar öttu kappi glæsilegir fulltrúar hins íslenska gæðings í íþróttakeppni og kynbótasýningum. Íslenska landsliðið var sigursælt og vann til fjölda verðlauna.

Óvæntustu úrslit mótsins voru eflaust sigur Kristínar Lárusdóttur, bónda í Syðri-Fljótum í Vestur-Skaftafellssýslu, og Pokka frá Efstu-Grund, í firnasterkri tölkeppni. Jóhann R. Skúlason hefur unnið greinina sex sinnum á síðustu átta mótum, en lét sér nú lenda 4. sæti á nýjum keppnishesti Garpi frá Hojgaarden. Fimmti, með sömu lokaeinkunn og Jóhann, varð Sigurbjörn Bárðarson á Jarli frá Mið-Fossum.

Kristín og Pokki komu óvænt inn í íslenska landsliðið, tveimur vikum fyrir mót, eftir að Sigurbjörn Sigurbjörnson ákvað að draga sig úr liðinu. Sigur þeirra var því einkar sætur. Kristín og Pokki voru í 4. sæti fyrir úrslit en sýning þeirra í úrslitum var sannfærandi. Hlutu þau 8,44 í lokaeinkunn, en Nils Christian Larsen og Viktor frá Diisa frá Noregi, sem urðu í 2. sæti, hlutu 7,94.

Þeir Nils Christian og Viktor hlutu einnig silfur í firnasterkum úrslitum fjörgangs en þar hampaði Guðmundur Björgvinsson og Hrímnir frá Ósi sigri, en aðeins skildi að 0,05 stig. Guðmundur og Hrímnir komu efstur inn í úrslit en þeir eiga langan og farsælan keppnisferil að baki hér heima sem lauk nú með heimsmeistaratitli.

Reynir Örn Pálmason og Greifi frá Holtsmúla gengu frá móti með þrenn verðlaun. Þeir urðu heimsmeistarar í samanlögðum fimmgangsgreinum, en þann titil hlýtur sá keppandi sem reynist vera með hæstu meðaleinkunn úr forkeppni í fimmgangi og slaktaumatölti. Þeir félagar urðu í 2. sæti beggja flokka. Sigurvegari í fimmgangi varð hin danska Julie Christiansen á Hug frá Flugumýri II og heimsmeistari í slaktaumatölti varð Vignir Jónsson sem keppir fyrir Svíþjóð á Ivan frá Hammarby.

Svíar áberandi í skeiði

Keppt var í þremur skeiðgreinum: 100 metra flugskeiði, 250 metra skeiði og gæðingaskiði.

Svíar voru sigursælir í skeiðgreinum en Íslendingar áttu þar kraftmikla fulltrúa. Hinn ungi Teitur Árnason og Tumi frá Borgarhóli voru hlutskarpastir í gæðingaskiði og skaut Teitur þar sér eldri og reyndari knöpum ref fyrir rass. Þeir Teitur og Tumi bættu svo við bronsverðlaunum í 250 metra skeiði en þar sigraði Guðmundur Einarsson og Sproti frá Sjávarborg.



Glóðafeykir frá Halakoti var hæstdæmda kynbótahross mótsins og má segja að andi eiganda hans og félaga, Einars Öders Magnússonar heitins, hafi svifið yfir Herning á mótinu. Knapí Glóðafeykis er Daniel Jónsson.

Mynd / Karen Diehn



Samstarf þeirra Guðmundar Björgvinssonar og Hrímnis frá Ósi hefur verið farsælt. Þeir hafa unnið til fjölda verðlauna heima á Íslandi og luku nú ferli sínum saman með heimsmeistaratitli í fjörgangi. Full stúka áhorfenda hyllti Guðmund og Hrímní að lokinni verðlaunaafhendingu.

Mynd / Karen Diehn



Íslenski hópurinn sem tók þátt á Heimsleikum íslenska hestsins í Herning.

Mynd / Hallveig Fróðadóttir

sem keppa fyrir Svíþjóð, á nýju heimsmeti, 21,49 sekúndum.

Helmut Bramesfeld frá Þýskalandi á Blöndal vom Stördal urðu svo fljótastir keppenda í 100 metra skeiði, en Íslendingar fengu silfur og brons. Styrmir Árnason var annar á hryssunni Neyslu frá Schloßberg og fyrrum heimsmeistarinn Bergþór Eggertsson á Lotus frá Aldenghoor varð í 3. sæti. Þess má einnig geta að Svíar hömpuðu sigri í 250 og 100 metra skeiði ungmenna.

Spennandi keppni ungra knapa

Ungir knapar íslenska landsliðsins stóðu sig einnig afar vel á mótinu. Jóhanna Margrét Snorradóttir á Stimpli frá Vatni hlaut silfurverðlaun eftir spennandi úrslit ungmenna í slaktaumatölti. Aðeins munaði 0,04 stigum á henni og sigurvegarinum, hinni þýsku Lucie Maxheimer og Stjörn frá Eifelhaus.

Gústaf Ágeir Hinriksson og Geisli frá Svanavatni urðu í 2. sæti í fimmgangi en þeir félagar leiddu úrslitin framan af. Sigurvegari þar var Marvin Heinze frá Þýskalandi á Myrkva frá Quillerhof.

Guðmunda Ellen Sigurbjörnsdóttir og Týr frá Skálatjörn hlutu brons í fjörgangi en hún varð fyrir því óláni að Týr steig úr braut í forkeppni slaktaumatólts, sem var þeirra sterkasta grein. Þau komu því ákveðin til leiks í úrslit og unnu sig upp um þrjú sæti frá forkeppni og enduðu á verðlaunapalli. Sigurvegari fjörgangs ungmenna var Pierre Sandsten Hoyos frá Svíþjóð á Falka frá Karlsro.

Heiðraði minningu Einars

Andi Einars Öders Magnússonar, reiðkennara, sveif yfir Herning þegar gæðingur hans og vinur, Glóðafeykir frá Halakoti, kom fram fyrir hönd Íslands í elsta flokki stóðhesta á kynbótasýningu heimsmeistaramótsins.

Glóðafeykir stóð þar efstur allra kynbótahrossa með 8,74 í aðaleinkunn. Daniel Jónsson sýndi Glóðafeyki sem hlaut 9,02 fyrir kosti, þar af einkunnina 9,5 fyrir tólt, brokk og vilja og geðslag. Glóðafeykir sýndi í fyrsta sinni skeið á kynbótasýningu fyrir á árinu en hann hlaut nú 8 fyrir skeið. Glóðafeykir og Einar Öder sigruðu B-flokk gæðinga á Landsmóti hestamanna árið 2012.


Þá sigraði Kengála frá Neðri-Rauðalæk elsta flokk hryssna með einkunnina 8,53. Knapí á Kengálu var Agnar Snorri Stefánsson. Garún frá Árbæ hlaut hæstu aðaleinkunn sex vetra hryssna, 8,62, en knapí hennar var Guðmundur Björgvinsson. Andvari frá Auðsholtshjáleigu hlaut hæstu einkunn fimm vetra stóðhesta, 8,49. Knapí hans var Árni Björn Pálsson.

Ríkey frá Flekkudal var í 2. sæti í flokki 5 vetra hryssna með aðaleinkunnina 8,42. Hæstu aðaleinkunn þar hlaut þýska hryssan Hrönn frá



Teitur Árnason og Tumi frá Borgarhóli sigruðu nokkuð óvænt keppni í gæðingaskiði. Þeir bættu svo um betur og hlutu brons í 250 metra skeiði.

Mynd / Karen Diehn



VM 2015
WORLD CHAMPIONSHIPS FOR ICELANDIC HORSES



Jón Þorsteinn og Magni skemmtu gestum og gangandi.



Það skiptust á skin og skúrir og vissara að vera klæddur eftir veðri.



Söluáðilar buðu sinn varning á mótsstaðnum.

Kronshof sem hlaut 8,52. Svaði frá Hólum hlaut næst hæstu einkunn sex vetra stóðhesta, 8,63. Sigurvegari í flokknum var Viking frá Österåker frá Svíþjóð með aðaleinkunnina 8,69.

Ánægja með framkvæmd mótsins

Um 9000 gestir voru viðstaddir Heimsmeistaramótið í Danmörku. Heimsmeistaramót hefur áður verið haldið á þessu glæsilega keppnisvæði í Herning, en það var árið 2001. Þá var Norðurlandamótið haldið þar í fyrri. Mótið þótti takast með miklum ágætum og vel var staðið að skipulagningu þess. Framkvæmd þess var nú í fyrsta sinn samstarfsverkefni allra Norðurlandahjóðanna og FEIF, alþjóðasamtaka um íslenska hestinn.

Keppendur komu fram fyrir hönd 14 þátttökubjóða, en alls eru 19 þjóðir með skráð félög í FEIF.

Liðsbíkar mótsins fóru að þessu sinni til Svíþjóðar og er það í fyrsta sinn sem Svíþjóð hlýtur þau eftirsóttu verðlaun. Var það ekki síst að þakka góðu gengi ungra knapa frá Svíþjóð og glæsilegum árangri í skeiði.

/ Guðrún Hulda Pálsdóttir



Stjörnur mótsins voru eflaust þau Kristín Lárusdóttir og Þokki frá Efstu-Grund sem komu sáu og sigruðu í tölkeppninni. Auk þess luku þau keppni í 5. sæti í fjörgangi eftir að hafa sigrað B-úrslit. Mynd / Karen Diehn



Ungu mennirnir í landsliðinu, þeir Konráð Axel Gylfason, Róbert Bergmann og Gústaf Ásgeir Hinriksson. Mannlífsmyndir / Hallveig Fróadóttir



Áskell Heiðar Ásgeirsson steikir pönnukökur í sólinni.



Líf og fjör á mótssvæðinu.



Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra ásamt íslensku starfsfólki á mótinu.

BÁRUJÁRN
ALUSINK OG LITAÐ ALUSINK
PLÖTUR KLÆÐA 107 CM

NÝJUNG
VATNSRÁS

VEGGKLÆÐNINGAR
OG FLASNINGAR

STJÖRNUBLIKK
VANDRÁÐSAR • ALMENN BLÞÖRVER • KAMBASTAL • BÄRJAVERN
LOFTKASTINGAR • SÖR • ELEMINT • VEIÐSTÖR • KLÆÐNINGAR

Snögg og góð þjónustal

Smiðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

LÆSTAR
KOPAR OG SINK
KLÆÐNINGAR

ATN Zebra 16 Z-spjótlyfta

- Fjór hjóladríf
- Diesel
- Vinnuhæð: 16,4 m
- Pallhæð: 14,4 m
- Lárétt útskot: 9,3 m
- Lyftigetga: 230 kg
- Aukabúnaður: Rafmagns- og lofttenglar í kórfa
- Til afgangi strax

Hafðu samband
568 0100

Stólpi Gámar
Klettagördum 5 | 104 Reykjavík | stolpigamar.is

VANDAÐUR vinnufatnaður frá BULLDOG á góðu verði

Öryggisskór

Sýnileikafatnaður

Vinnufatnaður

Vinnuvettlingar

ÍSFELL
www.isfell.is

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is



Belarus 1221.3,
árgerð 2006,
notkun 80 klst,
verð án vsk. kr. 3.900.000
Staðsetning: Gylfaflöt



Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík
Sími 580 8200 • www.velfang.is
Óseyri 2 • 600 Akureyri



**BÍLJÖFUR
VARAHLUTIR**

Smiðjuvegi 72 • Gul gata Kópavogi • Sími 555 4151 • varahlutir@biljofur.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



Vélavit útvegar varahluti í flestar gerðir traktora,
sérhæfum okkur í JCB, Hydrema, Iveco, New
Holland og Case

Erum einnig með alla varahluti í JCB vinnuvélar
Eigum allar síur í New Holland og JCB á lager

Útvegum olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja

Hafið samband og látið okkur aðstoða við
að útvega réttu varahlutina

Oftast ódýrastir!

Vélavit
Varahlutir - Viðgerðir

Skeiðarás 3 • Garðabær • Sími 5272600 • velavit@velavit.is



Bakteríu- drepanði krem og sápa

Bakteríudrepanði, græðandi og
mýkjandi Tea Tree krem og sápa
fyrir þurrar og sárar hendur.

Frábært "bænda" krem og sápa
fyrir húð sem er undir miklu álagi.



Fæst í **Lyfju**
og **Apótekinu**
um allt land.

Kynning verður í **Lyfju Blöndósi** fimmtudaginn **9. Júlí** frá kl. **12-17** og **Lyfju Sauðárkróki** föstudaginn
10. Júlí frá kl. **14-17**. **20% afsláttur** er veittur á meðan kynningu stendur á **Tea Tree** og **Dr. Organic**.

Belgagri

Twenty-One flugnaeitur

Einstök formúla flugnaeiturs
fyrir bændur í kvikfjarrækt.

- Asameþífos er hraðvirkasta efnið á markaðnum
- Eina fáanlega flugnaeitrið sem má bæði úða og pensla
- Virkni í allt að 12 vikur
- Laðar skordýr að með ferómóni og löðunarefni
- Eina fáanlega efnið sem drepur við inntöku og snertingu



Söluastaðir:



Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544



BOS geymslugámar og skemmur

Hinir vinsælu BOS geymslugámar aftur fáanlegir á Íslandi!

- Léttir og auðveldir í uppsetningu
- 10 ára ábyrgð gegn tæringu
- Þýsk gæðavara
- Sýningargámar á staðnum



**Þjóðum einnig
vöruskemmur í ýmsum
stærðum frá BOS.**

Stólpi Gámar

Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | stolpigamar.is

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar
bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum,
með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Smíðum bíllykla



Smíðum og forritum flestar gerðir bíllykla
Tímamantanir óparfar

Stofnað 1988



Neyðarþjónustan

Lásasmiðurinn

Skútuvegur 11 • s: 510-8888

STRÚKTÚR

Byggðu þinn STRÚKTÚR á traustum grunni

Stálgrindarhús - Yleiningar - Límtré




WWW.STRUKTUR.IS

Við finnum lausn sem hentar þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |


| Hraðastöðum IV | 271 Mosfellsbæ | Sími: 696 0008 & 860 0264 |

VIG Vélsmíðja Ingvars Guðna



Létthlið er hagkvæm og góð lausn en hliðunum er hægt að raða saman að vild. Létthliðin eru seld í einingum þannig að það er hægt að raða saman hliði sem hentar mismunandi aðstæðum, hvort heldur á að girða af sumarhús eða tún.

VIG framleiðir tvær gerðir af léttrindum, bæði með standandi pílarum úr röri og með gegnheilum teinum. Létthlið er afar hagkvæmur kostur.



gerðir af léttrindum, bæði með standandi pílarum úr röri og með gegnheilum teinum. Létthlið er afar hagkvæmur kostur.



Sem dæmi er hægt að setja tvær tveggja metra grindur á VIG stálstaura og setja loku sem

hægt er að læsa, eða setja eina fjögurra metra grind á tréstaura með VIG-lömum sem ætlaðar eru í þá.



Íslensk framleiðsla - fæst um allt land



Vélsmíðja Ingvars Guðna
Tanga · 801 Selfoss
Sími 486 1810 · Fax 486 1820
www.vig.is · vig@vig.is



Sumarhúsalóðir við Heklurætur í landi Haukadals

Sérlega skemmtilegar sumarhúsalóðir við Heklurætur í landi Haukadals. Fallegt útsýni, frábær staðsetning. Svæðið er deiliskipulagt og leyfi fyrir 65 fm. húsi á hverri lóð. Kalt vatn komið að lóðarmörkum og rafmagn á svæðið. Lóðirnar seljast saman eða í sitthvoru lagi. Verð frá kr. 1.300 þús. eftir stærð.

Frekari upplýsingar veitir Sigrún, sölufulltrúi í síma 857-2267 eða á netf. sigrun@101.is

Verð 10,9 millj




Fallegt 20 hektara landsvæði í Borgarfirði

Fallegt 20 hektara landsvæði í Borgarfirði 8 km. frá Borgarnesi, með fjallasýn allan hringinn. Mjög gróður sælt með berjalyngi og ýmsum lággróðri. Landinu fylgir hluti af Álftatjörn. Spildan stendur á landi Ölvaldsstaða og liggur að landi Ferjubakka.

Frekari upplýsingar veitir Sigrún, sölufulltrúi í síma 857-2267 eða á netf. sigrun@101.is

Verð 8,9 millj



Jörð til sölu Að Bakka í Tálknafjarðarhreppi

Fallega jörð í stórbrotnu umhverfi að Bakka í Tálknafjarðarhreppi, voru áður 3 jarðir. Á jörðinni er einkaflugbraut ca 700 metra.

Jörðin er milli 800-1 þús. h.a. Falleg strönd með hvítum skeljasandi. Lítið sumarhús fylgir. Frekari upplýsingar veitir Sigrún sölufulltrúi í síma 857-2267 eða sigrun@101.is

Verð 34,9 millj



Bændablaðið Smáauglýsingar

56-30-300



Til Sölu

Skemmti-/ spítbátur og Mercury 40 hp 2-stroke mótör og kerra.

Báturinn er frábær á vötnum en einnig er hægt að nota hann á göndviðrisdögum á sjó.

Tveir leðurstólar eru í bátnum ásamt stýri og inngjöf. Hægt að fara afturábak og áfram. Mögulegt að setja bekk fyrir aftan sætin. Mótörinn er yfirfarinn af vélasöluinni í lok sumars í fyrra.

Verð er 790 þús,

Skoða ýmis skipti. Frekari uppl. í síma 698-4043

GERUM MEIRA FYRIR BÆNDUR



TÚNGIRÐINGAREFNI

horizont



AGRAR



RAFIRÐINGAREFNI



BÚREKSTRARVÖRUR

HLIÐGRINDUR

Komnir með hliðgrindur á lager í nokkrum lengdum, 120 cm, 240 cm, 366 cm og 420 cm.

SKOÐID ÚRVALID Á BYKO.IS

NÝJAR BÚVÖRU-DEILDIR Á SELFOSSI OG AKUREYRI

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

SENDUM UM ALLT LAND - BYKO.IS

Metþátttaka í Selatalningunni miklu Færri selir taldir en áður

Í selatalningunni miklu sem fram fór vegum Selaseturs Íslands á Hvammstanga í liðnum mánuði voru 446 selir taldir á strandlengjunni á Vatnsnesi og Heggstaðanesi í Vestur-Húnavatnssýslu. Þetta er minnsti fjöldi sem talinn hefur verið á þessu svæði frá því talning hófst árið 2007, eða í níu ár.

Markmið talningarinnar er að fylgja með fjölda og staðsetningu landsela á Vatnsnesi og Heggstaðanesi, ásamt því að gefa almenningi tækifæri að kynna og taka þátt í rannsóknarstarfsemi Selaseturs Íslands.

Selir voru taldir á allri strandlengjunni á Vatnsnesi og Heggstaðanesi

í Húnaþingi vestra, samtals um 100 kílómetra. Í tilkynningu frá Selasetrinu segir að sjálfboðaliðar hafi aðstoðað sérfræðinga Selasetursins við talninguna. Með því móti gefist færi á að kanna stórt svæði á mjög stuttum tíma. Í ár tóku um 50 manns þátt í talningunni, sem er metþátttaka og voru það bæði erlendir og íslenskir ferðamenn á leið um landið. Sumir landeigendur töldu sjálfir í sínu landi og selaskoðunarbatúrin Brimill sem gerir út frá Hvammstanga, aðstoðaði einnig við talninguna.

Í ár sást samtals 446 selir á svæðinu, aðallega landselir. Það er minnsti fjöldi sem talinn hefur verið á þessu



Alls voru 446 selir taldir á strandlengjunni á Vatnsnesi og Heggstaðanesi í Vestur-Húnavatnssýslu. Þetta er minnsti fjöldi sem talinn hefur verið á þessu svæði frá því talning hófst árið 2007 eða í níu ár.
Mynd af vef Selaseturs Íslands

svæði, en í talningum árin 2011–2014 hafi fjöldinn verið á bilinu 614 og 757 dýr og árin þar á undan (2007–2010) yfir 1.000 dýr. Þrátt fyrir að tölurnar gefi fækkun til kynna sé mikilvægt að hafa í huga að talningarnar eru

aðeins vísbending um lágmarksfjölda þeirra sela sem dvelja á þessu svæði. Margir þættir hafi áhrif á fjölda sela sem liggja uppi í látrunum hverju sinni og er veður einn þeirra. Í ár var veðrið verra en oft áður, þoka, rigning og

gola og hitastigið aðeins rúmlega sex gráður. Skilyrðin fyrir selinn að liggja upp á landi voru því sem verst þegar talningin fór fram, því þeir kjósa helst að liggja upp á landi í sólskini, logni og blíðu.

Vantar fjármagn

Þá segir einnig í tilkynningu Selasetursins að athuga beri að tölurnar segi ekki til um ástand landselsstofnsins í heild. Stofnstærðarmat á landsel hafi ekki farið fram síðan árið 2011, en þá hafi stofninn verið metin um 12.000 dýr. Árið 2014 hafi hluti stofnsins verið talinn og bendi þær talningar til töluverðar fækkunar á stofninn. Ekki hafi fengist nægilegt fjármagn til að framkvæma heildartalningu á stofninum, en Selasetrið vonist til að geta framkvæmt slíkar talningar á næsta ári. /MPP



Jón Gíslason áfram forstjóri Mast

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur skipað Jón Gíslason forstjóra Matvælastofnunar frá 1. ágúst til næstu fimm ára.

Starf forstjóra Matvælastofnunar var auglýst 6. maí sl. og sóttu níu einstaklingar um starfið. Sérstök hæfisnefnd lagði mat á umsækjendur og gerði tillögu til ráðherra.

Jón hefur gegnt starfi forstjóra Matvælastofnunar frá því að hún var sett á laggirnar árið 2007.

Bændablaðið

Kemur næst út

27. ágúst

Smáauglýsingar

56-30-300

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

www.n1.is facebook.com/enneinn

Ferð til fjár

Verslanir N1 um land allt bjóða gott vöruúrval fyrir bændur í smalamennsku



Microflex regngalli

Vnr. 5790 691935*

Blár Microflex regngalli.

Verð 22.676 kr.



COFRA leðurhanskar

Vnr. 7151 G120 KD00

Leðurhanskar með laska.

Stærðir 10 og 11.

Verð 990 kr.



Regnjakki

Vnr. 5790 LR9055

Regnjakki EN471 320 GR. Uppfyllir sýnileikastaðal, fánlegur gulur eða appelsínugulur. Stærðir S-3XL.

Verð 9.781 kr.



DUNLOP Purof Professional

Vnr. 9655 D460933

Létt stígvél með höggdeyfi í sóla, hentug við margskonar aðstæður. Stærðir: 37-48.

Verð 9.900 kr.



Tech tappa-viðgerðarsett

Vnr. 664 230 885

Með lofthylkjum fyrir fjórhjól.

Verð 4.930 kr.



Þjarkur samfestingur

Vnr. 9628 120020

Þunnur samfestingur með hnjúpúðavösum, dökkblár með heiðbláu á bringu. Stærðir 48-72.

Verð 11.900 kr.



Sensor höfuðljós

Vnr. 893 03.5025

Stillanlegur fókus, snertifrír rofi.

Verð 5.879 kr.



Fjór hjóladekk

Mikið úrval fjórhjóladekkja frá Maxxis og Swamp lite fyrir flestar gerðir hjóla.



Banner rafgeymar

Start- og neyslugeymar í miklu úrvali.



Mobil smuróla

Mobil Delvac MX 15W-40 4 og 20 lítra. Mínerólsk olía fyrir vinnuvélar.

N1 verslanir og umboðsmenn um land allt
Sími: 440 1000

Klettagarðar, Grindavík, Ólafsvík, Patreksfjörður, Höfn, Ísafjörður, Reyðarfjörður, Reykjanesbær, Akureyri og Vestmannaeyjar.

Hluti af smalamennsku



ISLENSKAR ÞVOTTASNÚRUR
Sem þola íslenska veðráttu

Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf.
Sími: 486-1810 vig@vig.is
www.vig.is

FÁST UM
LAND
ALLT

VIG

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Gólf - Einstök hönnun
léttari - sterkari -
hreinsa sig betur - hálkuvörn
Polir 4000kg öxulpunga

Á Íslandi í 15 ár - 10 ára verksmiðjuábyrgð
Á Íslandi eru 2,6 ha gólfbita frá Andersbeton

G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020
gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is

Sala og ráðgjöf Norðurlandi: Benedikt Hjaltason,
Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is

GS

NIBE

MADE IN SWEDEN

Friorka

Yfir helmingur allra húsa í Svíþjóð er með búnað frá **NIBE**

Varmadælar Hitakútar Túpur 5714774 www.friorka.is

Er rétti tíminn til að breyta í heilfóðrun núna?

Einsleit blanda - Nákvæmari fóðrun - Aukið át - Aukin nyt - Betra efnainnihald mjólkur

Gjafabúnaður frá **VALMETAL**

eco energy

- 1 Föðursiló
- 2 Kornvals
- 3 Áfylliborð
- 4 Afrúllari
- 5 Heilfóðurblandari
- 6 Gjafaband
- 7 Sjálfkeyrandi gjafavagn á braut
- 8 Gjafavagn, raf eða vélknúinn

ÁFYLLING BLÖNDUN GJÖF

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / 700 - Egilsstaðir / Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is

Bændur athugið
Hjá Slippfélaginu færðu gæða málningu fyrir íslenskar aðstæður

Gæði - Reynsla - Þjónusta

Hafið samband og fáið faglega ráðgjöf
Sendum hvert á land sem er

VITRETEX
ÓTÍMÁLNING A
STREMFERVA OG
MÚRER
OLJASTÍO 5
Slippfélagið

Veljum íslenskt

Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Opnunartími: Virka daga: 08.00 – 18.00 Laugardaga: 10.00 – 14.00
Borgartúni 22 Rvk. - Dugguvogi 4 Rvk. - Dalshrauni 11 Hafnarfríði - Gleráreyrum 2 Ak.
Sími: 588-8000 www.slippfelagid.is

Baikal Baikal haglabyssur sterkar áreiðanlegar og á góðu verði

Baikal 155 Hálfsvirk 12ga 3" 3 þrengingar og festingar **kr 95,900**

Baikal Tvihleypa IZH 27 EM 1C 12ga 3 þrengingar **kr 98,900**

Baikal 155 Hálfsvirk 12ga 3" (einnig til vinstrihandar) hnotu skepti **kr 98,900**

Baikal 155 Hálfsvirk 12ga 3" camo 3 þrengingar **kr 98,900**

Baikal 18 EM 12ga útkastari, púði listi **kr 29,900**

Vesturröst
Sérverslun veiðimannsins - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

Hófadynur á bergi

– Frá Möðrudal að Grímsstöðum með Önnu Kristínu Hauksdóttur

Anna Kristín Hauksdóttir fetaði í fótspor móður sinnar og reið yfir Ísland endilangt í fyrrasumar. Í byrjun júlí endurtók hún dagleið frá Möðrudal á Fjöllum að Grímsstöðum, í félagi við frítt föruneyti.

Þrátt fyrir að hafa búið í Ameríku síðan hún var ung kona eru tengsl Önnu Kristínar Hauksdóttur við móðurjörðina sterk. Hún er djúpvitur kona enda 82 ára gömul. Þrátt fyrir virðulegan aldur er ekki að sjá nein merki þess að Anna sé að slá slöku við. Þvert á móti hefur hún gefið í, finnur sér ný áhugamál og fylgir eftir þeim hugmyndum sem hún fær.

Hún stóð aldeilis við stór orð þegar hún fór í 32 daga hestaferð í fyrrasumar, frá Signýjarstöðum í Borgarfirði, um Norður- og Austurlandi og síðan aftur þvert yfir landið á Þingvelli og upp í Borgarfjörð. Anna Kristín reynir eftir fremsta megni að fylgja nákvæmlega „Dagbók Valgerðar Einarsdóttur í ferð hennar og Ástríðar Jósepsdóttur frá Signýjarstöðum í Borgarfirði sumarið 1925 um Ísland“, en sú síðarnefnda var móðir Önnu Kristínar. Dagbókin birtist í *Kaupfélagriti Borgfirðinga* árið 1990.

Tilgangur Önnu var að heiðra minningu þeirra Ástríðar og Valgerðar auk Alice Sigurdsson, vinkonu sinnar og hestakonu, sem lést árið 2010. Þær Valgerður og Ástríður voru 23 ára þegar þær riðu Ísland endilangt og til baka á 42 dögum. Tilgangur þeirra var að hitta vínafólk um landið og komast í Mjóafjörð á Austurlandi til að heimsækja frændfólk Valgerðar. Ferð Önnu reyndist viðburðaríkt ævintýri. Hún reyndi eftir fremsta megni að fylgja nákvæmri lýsingu vinkvænanna á leið þeirra, en þær fóru að mestu gamlar þjóðleiðir.

Ferðafélagar frá Norðfirði

Í júlíbyrjun var Anna Kristín aftur mætt og nú á sannkallaða ættjörð, á Möðrudal á Fjöllum, því þaðan á Anna Kristín ættir sínar að rekja. Af Önnu Kristínar var Einar Stefánsson, hálfbróðir Jóns Stefánssonar bónda í Möðrudal. Fjölskyldutengsl Möðrudalsættar eru sterk og Anna á þar góða að. Henni var mikið í mun að fara rétta dagleið frá Möðrudal að Grímsstöðum á Fjöllum, sem hafði misfarist í fyrra.

Í þetta sinn fylgdu henni vaskir hestamenn frá Norðfirði. Þórður Júlíusson og Theódora Alfreðsdóttir, bændur í Skorrastað í Norðfirði, sem reka hestaferðþjónustuna Skorrahestar, sáu um leiðsögn, trúss og veitingar. Vilberg Einarsson, nágrenni þeirra hjóna, fylgdi svo með ásamt undirritaðri. Ennfremur beindi Vernharður Vilhjálmsson, fyrrum bóndi í Möðrudal, þeim réttu leiðina enda er hann svæðinu vel kunnugur og eftirlætisfrænda Önnu að eigin sögn.

Grýtt auðn og ófæra

Dagleiðin sem farin var, frá Möðrudal að Grímsstöðum er fáfarin leið sem nokkuð erfitt reyndist að fylgja. „Þegar við riðum þarna yfir hugsaði ég um leiðina sem þær hafa farið. Þarna voru engir vegir. Þetta var bara grjót og mól og ekki neinn slóði. Kannski hefur verið þarna á í þá daga sem þær hafa fylgt,“ segir Anna Kristín, en leiðin sem hópurinn reið var um 35 km löng. Hún lá yfir sanda í gegnum Vatnsskarð, meðfram Skarðsá að Klettslindum, upp á grýttan Biskupsháls í gegnum snarbratt Núpaskarð og þaðan niður að þjóðvegi eitt nálægt Biskupavörðum. Lokakafli dagsins var svo þægileg reið á gamla afleggjaranum að Grímsstöðum.

Veðrið var eins og best verður á kosið í hestaferð, milt og skýjað, engin rigning, lítil sól. Leiðin



Ferðafélagar í Möðrudal á Fjöllum við upphaf ferðar. Frá vinstri: Skúmur, Anna Kristín, Vernharður, Þórður, Skúmur, Guðrún, Vilberg, Haukur og Glæsir. Mynd / Theódora Alfreðsdóttir



Smári frá Skorrastað fór fallega undir Önnu Kristínu.




Vernharður teiknar leiðina í sandinn. Þórður og Anna fylgjast vel með.



Hvílt undir ómpýðum söng Þórðar við Grímsstaðaafleggjara.

lá meðfram Skarðsá sem hópurinn reið yfir alls fjórum sinnum og ekki að ástæðulausu. Anna segir þetta það skemmtilegasta sem hún veit í hestaferð. Þrátt fyrir að falla af baki einu sinni, úti ána, lét hún það lítið á sig fá. Þvert á móti segir hún byltuna hafa verið hressandi uppbrot á hreyfingu dagsins. „Það gerir manni gott að fara svona fallega af. Eftir daginn var ég aðeins stírd, fann fyrir í öxlum og neðst í bakinu. Daginn eftir reiðtúrinn var ég betri og tveim dögum seinna var allt í lagi með mig,“ segir Anna sem þakkar góða heilsu reglulegum fjallgöngum sem hún stundar á heimaslóðum í Washington-ríki í Bandaríkjunum.

Þau heiðurshjón á Skorrastaðum útveguðu hesta til ferðarinnar, fyrir utan hryssuna Kláðu sem Anna fékk lánaða frá Vernharði frænda sínum. Hestarnir reyndust vel enda öllu vanir austur á fjörðum, fúsir og fótvissir, óhræddir við ófæru og fóru vel með reiðmenn. „Mér fannst sérstaklega gaman að fara niður bratta gilið. Það var gaman að sjá hversu fótvissir og öruggir hestarnir voru, en þó nokkuð spennandi enda voru brekkurnar voðalega brattar.“



Anna Kristín segir hápunkt hestaferðanna sinna vera að fara yfir ár.

Landslagið á Fjöllum sagði sögur af lífsbaráttu. Móbergssjöll í bland við öskugígja, auðnin hrikaleg, ekki mikið um gróður en einstaka klauffar eftir hreindýr. Leiðin var því á köflum þung yfirferðar og langsott. „Ímynda sér stelpurnar á þessum slóðum. Þær þurftu að vera ákveðnar og gefast ekki upp.“

Breyttir tímar

„Með tímanum hef ég áttað mig betur á hvað þetta var mikið afrek hjá þeim, 23 ára stelpum, að leggja upp í svona ferð,“ segir Anna Kristín að ferðinni lokinni. „Þær hittu að vísu fólk hér og þar, en þær gerðu þetta að öllu leyti alveg sjálfar og á allt annan hátt en ég. Þær voru vanar hestum,

ég hef lítið verið á hestum. Þær tóku með sér nesti og einstaka sinnum var þeim boðið inn að borða og að sofa í rúmi, en þær gistu oftast í tjaldi. Þá þurftu þær að rata allar þessar leiðir. Ég hafði hins vegar leiðsögumann allan tímann og treysti því hvert hann var að fara, auk trússbíls sem eldaði mat ofan í okkur.“

Ekki er það að finna á lestri dagbókarinnar að neinn uggur hafi læðst að þeim vinkonum, þrátt fyrir óvæg íslensk náttúruöfl og illfærar leiðir. Þær voru aufúsugestir á prestsetrum og nýttu sér það, því Valgerður var dóttir sr. Einars Pálssonar sem þá var prestur í Reykholti. „Þær virðast ekki hafa villst mikið í þá daga. Þær fylgdu þjóðleiðum sem voru fjölfarnari en þær eru í dag. Þær nefna suma bæi

sem eru tóftirnar einar á afskektum stöðum. Þangað kemur enginn í dag, nema á hesti,“ segir Anna Kristín.

Haldið á Heljardalsheiði

Anna er hvergi hætt að ríða út á Íslandi þótt þessum merka áfanga sé náð. „Ég skil eftir skóna mína og hlífar, með það í huga að fara í fleiri ferðir. Mig langar að fara yfir Kjöl og í Þjófadaleið. Þá fannst mér stórkostlegt að ríða um Þingvelli og vil gjarnan gera það aftur. En næst stefni ég á Heljardalsheiði, nánar tiltekið milli Hóla í Hjaltadal og Svarfaðadals. Það er gömul þjóðleið sem þær stelpur fóru en ég fór ekki í fyrra því þá var of mikill snjór. Mér þætti gaman að fara þar yfir.“ /GHP

Orðsending til bænda:

Munið að panta heysýnatöku

Það er mikilvægt að láta efnagreina gröffóður því það er uppistaðan í fóðri grasbíta. Það er margt sem hefur áhrif á gæði gröffóðurs eins og áburðagjöf, veðurfar, sláttutími og grastegundir. Þetta er breytilegt á milli ára og það getur verið erfitt að meta næringargildi fóðursins án þess að láta efnagreina það. Með því að láta efnagreina heysýni vita bændur hvernig fóður þeir eru með og geta skipulagt fóðrunina eftir þörfum. Þannig vita menn hvaða fóður er best að gefa á hverjum tíma og eftir atvikum hvað þarf að gefa með. Margir kaupa viðbótarfóður eins og bygg, fiskimjöl eða kjarnfóðurbliöndur hvort sem er fyrir nautgripi, sauðfé eða hross, það er mögulegt að spara útgjöld og hámarka nýtingu gröffóðursins ef upplýsingar um allan fóðurforðann liggja fyrir, ekki bara viðbótarfóðri.

Eiga skógrækt og sauðfjárrækt samleið?

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands verður haldinn í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri dagana 14. til 16. ágúst. Skógræktarfélag Íslands er móðurfélag skógræktarféлага vítt og breitt um landið og í röðum þeirra eru milli sjö og átta þúsund félagsmenn.

Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, ávarpar fundarfólk í upphafi aðalfundarins á föstudagsmorgun ásamt bæjarstjóranum á Akureyri, skógræktarstjóra og formönnum Skógræktarfélags Íslands og Skógræktarfélags Eyfirðinga. Því næst verða fluttar skýrslur og skipað í nefndir að venju. Síðdegis er á dagskránni skoðunarferð til Siglufjarðar þar sem reitur Skógræktarfélags Siglufjarðar verður formlega opnaður undir merkjum Opins skógar.

Fjöldi erinda eru á dagskrá fundarins. Hrefna Jóhannesdóttir skógfræðingur talar um skóg sem orkuauðlind, málefni sem er ofarlega á baugi um allan heim. Sigurður Arnarson, höfundur *Belgjurtabókarinnar*, fjallar um belgjurtir í skógrækt og Guðrífur Gyða Eyjólfssdóttir, sveppafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, flytur erindi sem hún kallar „Að sjá ekki skóginn fyrir sveppum“. Einnig flytur formaður Landssamtaka sauðfjárbænda erindi, Þórarinn Ingi Pétursson, og spyr: „Eiga skógrækt og sauðfjárrækt samleið?“ /VH

Með kind út að borða

Bílstjóri bifreiðar sem var stöðvud á sveitavegi í Yorkshire-skíri reyndist vera með kind í aftursætinu og á leið á skyndibitastað þar sem hann ætlaði að fá sér hamborgara og bjóða kindinni upp á salat.



Lögreglan í Yorkshire-skíri á Bretlandseyjum stöðvaði ökumann bifreiðar fyrir skömmu vegna einkennilegs farþega í aftursætinu.

Eftir að bifreiðin hafði verið stöðvud kom í ljós að farþeginn reyndist vera sauðkind. Aðspurður um hvers vegna hann væri með sauðkind í aftursætinu sagði bílstjórinn að hann ætlaði að fá sér hamborgara og bjóða kindinni upp á salat á nærliggjandi McDonalds-stað.

Þegar lögreglan gerði athugasemd við skýringu ökumannsins benti hann þeim góðlátlega á að fjöldi mannskeyrði um með hunda í aftursætinu og skotinu en hann kysir að bjóða kindinni í bíltúr og upp á McDonalds annað slagið. /VH

Ráðunautar RML koma og taka sýni úr fóðri og koma því til efnagreiningar. Ráðunautar hafa upplýsingar um þá möguleika sem bjóðast í efnagreiningaþjónustu fyrir íslenska bændur. Ef pöntuð er heysýnataka hjá RML kemur ráðunautur sýnum til efnagreiningar hvort heldur sem er til Efnagreiningar ehf.

á Íslandi eða Blgg í Hollandi, allt eftir því sem bóndi ákveður. Óski bændur eftir því að senda hringrásýni til efnagreininga geta þeir haft samband við ráðunauta RML og fengið upplýsingar um verð og þjónustu sem er í boði og þannig tekið upplýsta ákvörðun um hvert sýnið fer.

Mögulegt er að fá túlkun niðurstaðna frá ráðunautum þegar niðurstöður liggja fyrir. Eins geta ráðunautar veitt ráðgjöf um nýtingu fóðursins og þörfina fyrir viðbótarfóður, hvað hentar og hvers vegna. Ráðunautar vinna fóðuráætlanir fyrir bændur sem miða að hagkvæmri fóðrun sem stuðlar að góðri framleiðslu, sniðnar

að þörfum hvers og eins. Hægt er að panta heysýnatöku á heimasíðu RML, www.rml.is.

Bændur eru vinsamlega beðnir að hafa samband við ráðunauta RML um nánari upplýsingar.

*/Berglind Ósk Óðinsdóttir
fóðurfræðingur hjá RML*



limtrevirnet.is



Yleiningar fyrir íslenska veðráttu

Hjá Límtré Vírnet færðu léttar stálsamlökueiningar með polyúreþan- eða steinullareinangrun á milli.

Henta í útveggi og þök, milliveggi og loft, kæli- og frystiklefa, fyrir heimili og fyrirtæki. Raka- og vindþéttar, einangra vel, auðþrífna, illtendanlegar, gæðaprófaðar, léttar, fljótuppsett, þaulreyndar og hagkvæmar.

Kynntu þér Yleiningar á limtrevirnet.is.



Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

Í tilefni **Sveitasælu** sem haldin verður í **Reiðhöllinni Svaðastaðir, Skagafirði** **22. ágúst** minnum við á að **Verlunin Eyri** verður með kynningu á **Gallagher** vörum o.fl.

Óskum sýningargestum góðrar skemmtunar og vonumst til að sjá sem flesta!

GALLAGHER

Afl, áreiðanleiki, tækni!

KG Verlunin Eyri

Eyraryggi 21, 550 Sauðárkrúki

Sími 455 4610

Opið: 8-18 virka daga / 10-13 laugardaga

Ólífur – olía Evrópu

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Ólífur eiga sér langa ræktunarsögu auk þess sem þær eru samtvinnaðar trúar- og góðsögnum þjóða sem búa við Miðjarðarhafið. Vinsældir ólífuolíu hafa aukist undanfarna áratugi enda er góð ólífuolía sögð holl. Ekki er á allra færi að þekkja góða ólífuolíu frá útpyntum hroða

Heimsframleiðsla á ólífum árið 2014 var sú minnsta í fimmtán ár, rúmlega 2,5 milljón tonn, en var 3,9 milljón tonn árið 2013. Ástæða niðursveiflunar var óhagstætt veðurfar og sveppa- og bakteríusýking. Uppskeruhorfur fyrir árið 2015 eru slæmar og talið að uppskeran verði enn minni en 2014 og verð á ólífuolíu hefur hækkað um 10% í lok júlí 2015 frá því á sama tíma árið 2014.

Spáverjar rækta þjóða mest af ólífum og framleiða einnig mest af ólífuolíu. Framleiðsla af ólífuolíu þar var tæplega 1,8 milljón tonn árið 2013 en 826 þúsund tonn 2014 sem um milljón tonna samdráttur. Ítalir eru í öðru sæti þegar kemur að ræktun og framleiðslu á ólífum og ólífuolíu. Árið 2013 framleiddu Ítalir 461 þúsund tonn af ólífuolíu en 302 þúsund tonn 2014. Framleiðslan gekk betur í Grikklandi og Túnis sem eru í þriðja og fjórða sæti. Í Grikklandi jókst framleiðslan úr 132 þúsund tonnum árið 2013 í 300 tonn árið 2014 og í Túnis jókst framleiðslan úr 70 í 260 þúsund tonn. Tyrkland er fimmti mesti ræktandi olífa í heiminum.

Bandaríkin flytja inn þjóða mest af ólífuolíu, um 164 þúsund tonn árið 2013. Brasilía flutti inn næstmest, 61 þúsund tonn, Japanir 42 þúsund og Kína 30 þúsund tonn árið 2013.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru flutt inn 4,3 tonn af ólífum árið 2014 en tæp 434 tonn af „hrá ólífuolíu“ og ólífuolíu



Ólífur eru steinaldin og flokkast sem ávextir einn til þrjú sentimetrar á lengd eftir yrkjum.

til matargerðar. Mest er flutt inn af ólífum og ólífuolíu frá Ítalíu, Spáni, Frakklandi, Bandaríkjunum og Danmörku.

90% af ólífum pressaðar í olíu

Ríflega tíu milljón hektarar lands í heiminum eru notaðir undir ólífurækt og er það talsvert meira en fer undir ræktun á eplum eða bönum. 90% af öllum ólífum sem ræktaðar eru fara í framleiðslu á ólífuolíu, 10%

eru svokallaðar borðólífur sem eru borðaðar beint eða með öðrum mat til dæmis píttum. Laufið er nýtt til lyfjagerðar. Viður úr ólífutrjám er litfagur, harður, brunapolinn og góður smíðaviður. Ólífuviður er dýr og gjarnan notaður til að smíða úr skálar, listmuni og dýr húsgögn.

Grasfræði og lýsing

Ólífur vaxa á trjám sem á latínu kallast *Olea europaea* sem þýðir olía

Evrópu. Villt ólífutré vaxa í öllum löndunum í kringum Miðjarðarhafið og á Arabíuskaga, en trén eru einnig ræktað allt frá Kína til Kaliforníu. Innan ættkvíslarinnar *Olea* er að finna um 40 tegundir plantna sem flestar eru runnar og vaxa á heitum svæðum í Evrópu, Afríku, Asíu og Ástralíu. Plönturnar tilheyrja ætt plantna sem kallast *Oleaceae* og er skyld forsýtum, jasmín og asktrjám.

Ólífutré eru sigræn og geta náð allt að 20 metra hæð en slíkt er sjaldgæft

og í ræktun eru trén sjaldnast yfir þrjú metrar. Rótarkerfið er stórt og liggur yfirleitt djúpt. Trén geta náð háum aldri og á Krít er að finna ólífutré sem er talið vera ríflega 3000 ára gamalt og gefur enn af sér aldin. Bolurinn vindur upp á sig og gildnar með aldrinum. Blöðin eru gagnstæð, ilöng og silfurgræn, fjórir til tíu sentimetrar að lengd og einn til þrjú að breidd, blómin lítil og hvít að lit, og plantan yfirleitt ósjálffrjóvgandi. Ólífan sjálf er steinaldin og flokkast sem ávöxtur, einn til þrjú sentimetrar á lengd eftir yrkjum. Munurinn á grænum og svörtum ólífum er sá að grænar eru minna þroskaðar en svartar þegar þær eru týndar af trjánum.

Tegundinni *Olea europaea* er skipt í sex undirtegundir eftir því hvaðan þær eru upprunnar. *Olea europaea sp. europaea* vex í löndum í kringum Miðjarðarhafið, *Olea europaea sp. cuspidata* í suður- og austur-Afríku, Arabíuskaga og suðvestur Kína, *Olea europaea sp. guanchica* finnst á Kanaríeyjum, *Olea europaea sp. cerasiformis* á Madeira, *Olea europaea sp. maroccana* í Marokkó og *Olea europaea sp. laperrinei* Alsír, Súdan og Nígeríu.

Talið er að *O. europaea* geti verið framræktað tegund af *O. chrysophylla* sem finnst í norðanverðu hitabelti Afríku.

Staðbrigði og yrki ólífutrjáa skipta þúsundum og eru ólífunar sem þau bera ólíkar, að stærð, lögun og þegar kemur að gæðum olíunnar sem úr þeim fæst.

Ræktun

Ólífutré kjósa rýran, þurran og kalkríkan jarðveg og vaxa vel við sjávarsíðuna. Kjörvaxtastaður er á sólríkum stað á milli lengdarbauga 30° og 40° norður og suður þar sem hitinn fer ekki undir –10 gráður. Frost undir tíu gráður getur drepit stofn trjánna en yfirleitt vaxa þau aftur upp af rötarskotum.

Trjánum er oftast fjölgað með ágræðslu þar sem ágrædd tré gefa betur af sér en tré sem ræktað eru upp af græðlingum eða með sveiggæðslu þrátt fyrir að greinarnar róti sig auðveldlega. Ræktun af fræi er nánast eingöngu notuð við kynbætur.



Ólífutrén geta náð háum aldri og á Krít er að finna slíkt sem er talið vera ríflega 3000 ára gamalt og gefur enn af sér aldin.

Ævintýri við ysta haf

— Hallfríður M. Pálsdóttir



Séð ofan í Fljótavík úr lofti.

Mynd / Málfríður M. Pálsdóttir.

„Nyrsta nef Hornbjargs heitir Horn og draga Hornstrandir nafn sitt af því. Horn er jafnframt nyrsti tangi Vestfjarða og miðja Hornstranda en þar skiptast þær í Austur- og Vesturstrandir.“ (*Land og saga, Vestfirðir, 2007.*)

Það hafði lengi staðið til að skella sér í ferð norður á Hornstrandir, til að heimsækja vin okkar Halldór Hafdal sem stundum er staðarhaldari í Hornbjargsvita í Látravík á Ströndum. Létum við loks verða af því í byrjun ágúst árið 2013.

Fyrirvarinn var stuttur og erfitt var að fá far til baka þar sem ferðamannatímabilinu á Hornstrandir var að ljúka og þegar það loksins tókst höfðum við misst farið í Hornvík, þaðan sem við ætluðum að ganga í Látravík. Nú voru góð ráð dýr. Haft var samband við hina ýmsu ferðapjónustuaðila fyrir vestan en allt kom fyrir ekki. En að síðustu voru það Borea Adventures sem bentu okkur á þann möguleika að fljúga í Hornvík.


Séð ofan í Fljótavík úr lofti

Haft var samband við Örn Ingólfsson flugmann og var erindinu vel tekið. Áttum við stefnumót við hann um hádegisbil á flugvellinum á Ísafirði, og því var snemma lagt af stað úr bænum. Vinafólk okkar úr Skagafirði, þau Ása Jakobsdóttir og Pálmi Ragnarson, slógust svo í för með okkur á Borðeyri þar sem þau fengu að geyma sinn bíl á meðan. Komið var við í Bónus á Ísafirði fyrir „vitaverðina“ og náð í vistir. Lagt var upp í blíðskaparveðri, og ótrúlega fagurt og gaman var að fljúga yfir Hornstrandir. Svo var lent í fjöruborðinu í Hornvík. Flugmaðurinn dreif sig strax til baka.

Hornbjarg og Hælavíkurbjarg eru vestan og austan við Hornvík. Vestan við Hælavíkurbjarg er Hælavík en austan við Hornbjarg er Látravík og Hornbjargsviti. Stórkostlegt var að virða landslagið fyrir sér úr lofti.

Halldór hafði lagt okkur lífsreglurnar og mælt með því að við færum Kýrskarð, um 340 m hátt, yfir í Látravík. Það mun vera styttri leið en torfærari, þar sem að við vorum með talsverðar byrðar.

Óðum við Kýrá. Ferðin sóttist ágætlega en fegurð Hornvíkur þar sem hún blasti við á leið upp skarðið taffði för því sífellt var verið að snúa sé við og horfa til baka, sitja og njóta.



Horn.



Lent var í fjöruborðinu í Hornvík. Flugmaðurinn dreif sig strax til baka.

Efst í skarðinu var rok, rigning og þoka. Kom sér því vel að leiðin er stíkuð.

Þegar sást til okkar úr vitanum


þustu staðarhaldari og hans fólk á móti okkur, léttu af okkur byrðunum og urðu þar fagnaðarfundir. Hefur þau væntanlega verið farið að lengja



Hælavíkurbjarg séð úr lofti.

„Hælavíkurbjarg er þverhníptur hamraveggur sem rís í 258 metra hæð. Bjargið dregur nafn sitt af klettadrangi sem stendur upp úr sjónum framman við bjargið og heitir Hæll. Annar drangur við hlið hans heitir Göltur. Í Hælavíkurbjarg austanvert gengur dalhvilftin Hvannadalur. Neðan við hann ganga fallegir berggangar, Langikambur og Fjöl, með þrönga vík sem heitir Kirfi á milli. Skammt frá, undir bjarginu er þriðji berggangurinn, Súlnastapi, sem stendur í sjónum laus frá bjarginu.“ (www.nat.is/travelguide/ahugav_st_hornbjarg.htm)

„Að Látrabjargi undanskildu eru Hornbjarg og Hælavíkurbjarg mestu fuglabjörg landsins. Á vorin verpa þar fjölmargar tegundir bjarg- og sjófugla. Einnig eiga aðrar tegundir fugla sér varpstaði í grasbölum og urðum sem myndast hafa ofan og neðan við björgin. Þegar á heildina er litið er mestu svartfuglabyggð á landsins að finna í Hælavíkurbjargi en Hornbjarg er talið aðalbústaður langvíu, en auk þeirra má sjá stuttnefju, máva og ritu í milljónatali. Aðrar fuglategundir sem er vert að nefna er hvítmákur, álka, fýll, æðarfugl, svartbakur, hávella, toppönd, óðinshani, lundi og teista. Hornbjarg er þéttsetnast af fugli á Jörundi og í þræðingum Dyraskarða sem liggja milli hans og Kálfatinda.“ (*Land og saga, Vestfirðir, 2007.*)



Vaðið yfir Kýrá.

eftir okkur og þótt við taka þetta heldur rólega.

Frábært var að koma niður úr þokunni og sjá vitann og Látravíkina

birtast. Listaverk eru um allt við vitann og í húsinu eftir fyrrverandi og núverandi staðarhaldara og vita-verði.

Lesendabás

Beitarpistill 2:

Um lúpínu og beit

Vaxandi útbreiðsla lúpínunnar hefur verið til umræðu í fjölmöldum í sumar sem og síðustu sumur, samhliða tillögum um hvað hægt sé að gera til að stemma stigu við henni, t.d. með eitri, slætti eða áburði. Alaskalúpína var fyrst flutt til Íslands 1885 en náði þá ekki fótfestu. Hún var flutt inn að nýju haustið 1945 af Hákonni Bjarnasyni þáverandi skógræktarstjóra og hefur frá þeim tíma dreift sér víða um land. Til eru yfir 200 tegundir lúpínu. Lúpínan er belgjurt sem vinnur köfnunarefni úr lofti með hjálp niturbindandi baktería sem sitja í rótarkerfi hennar. Eins og mjög margar niturbindandi belgjurtategundir (t.d. grænar baunir) eru fræ lúpínnar stór og próteinrík og margar tegundir hennar hafa verið til nytja, bæði til mannelis og húsdýrafóðrunar víða um heim í þúsundir ára. Nytjategundirnar eru almennt nefndar „sætur lúpínur“ – en til eru einnig fjölmargar tegundir sem eru eitradar og er alaskalúpínan *Lupinus nuuikatensis* þeirrar gerðar. Hún er mjög fljót til sprettu á vorin og nær með því forskoti á aðrar tegundir. Hún nær með því að skyggja út aðrar tegundir sem láta undan og hverfa þar sem hún fer yfir.



Anna Guðrún Þórhallsdóttir

byrjun eru plönturnar fáar og dreifa sér hægt. Eftir því sem plöntunum fjölga eru fleiri að sjá um dreifinguna og eftir nokkurn tíma eru þær farnar að fjölga sér með veldisvexti – þ.e., farnar að margfalda útbreiðslu sína á skömmum tíma. Dreifing nýrra plantna er oft teiknuð upp eins og sýnt er á meðfylgjandi línuriti (sjá mynd 1). Mörg ár geta liðið frá því að tegund kemur inn á svæði þar til að hún fer að fjölga sér til muna, en þá fjölga henni líka líka mjög hratt. Víðast þar sem við erum að verða vör við lúpínuna núna er hún enn rétt í fasa A – búin að ná fótfestu og byrjuð að fjölga sér en ekki enn komin í fasa B – þar sem hún er farin að dreifa sér með veldishraða. Til að berjast við aukinni dreifingu lúpínnar er því mikilvægt að uppræta nýjar breiður meðan þær eru enn litlar, því vandamálið verður næstum óvinnandi ef lúpínan nær að komast á stig B. Það


er því mikilvægt að kippa upp með rótum öllum nýjum plöntum þar sem þær eru að koma sér fyrir.

Tilraunir til að sporna við útbreiðslu alaskalúpínnar

Mikið hefur verið talað og skrifað um hvernig best sé að hefta útbreiðslu og – helst – útrýma lúpínni. Plöntueitur hefur verið reynt en það tekur ekki bara lúpínuna heldur drepur mikið til annan gróður einnig. Það skilur því eftir sig dautt land og margar tegundir plöntueiturs sitja líka lengi í jarðveginum – mun lengur en áður var talið og valda mengun og eitrun á grunnvatni. Eitrun er því alls ekki æskileg leið. Einnig hefur verið reynt að slá lúpínuna og virðist það oft heldur halda aftur af henni en hængurinn þar á að við slátt nást ræturnar ekki og fræforðinn er alltaf orðinn það mikill að ný planta kemur í stað þeirrar sem náð er að uppræta. Því þarf að slá árlega í langan tíma og það er bæði tímafrekt, erfitt og dýrt til lengri tíma.

Beit til að hefta útbreiðslu alaskalúpínnar

Það er athyglisvert að lúpína á mjög erfitt með að dreifa sér þar sem sauðfjárbreit er. Þetta sést mjög greinilega þar sem lúpínu hefur verið sáð innan girðinga, t.d. landgræðslu- og skógræktargirðinga. Innan girðinganna, þar sem engin beit er, eru oft þéttar lúpínubreiður en utan er ekki lúpínu að sjá (sjá mynd 2). Þannig virðist sauðfjárbreit geta haldið lúpínni í skefjum, þó svo að ekki sé um þunga beit að ræða. Þótt að lúpínan sé töluvert eitruð þá er hún líka næringarrík og sauðfé sækir í að bíta hana, svo



Dreifingarmynstur ágengra tegunda.

framalega sem þær hafa annað að bíta með til að þynna út eituráhrifin. Séu þær hins vegar neyddar til að bíta hana eingöngu þá koma eituráhrifin fram og féð veikist. Létt beit sauðfjár þar sem lúpína er að dreifa sér í ný gróðurlendi er því góð leið til að halda lúpínni niðri – og til lengdar jafnvel að eyða henni. Í þéttum breiðum lúpínu væri reynandi að slá lúpínuna í byrjun en fylgja síðan eftir með sauðfjárbreit. Samkvæmt fyrstu rannsóknaniðurstöðum frá Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi þá fjölga tegundum þar sem lúpína hefur verið slegin (<http://www.ruv.is/frett/fleiri-tegundir-thar-sem-lupina-er-slegin>). Þar skapast því grundvöllur fyrir að beita sauðfé með til að leggjast enn frekar á lúpínuna og fylgja eftir slættinum til að veikja hana. Ræturnar verða þó alltaf eftir. Það er þó nokkur von um að hestar geti komið þar við sögu. Hestar Guðrúnar Guðmundsdóttur og Jóhannesar Guðjónssonar í

Efra-Hreppi í Skorradal hafa þróað með sér aðferð við að sparka upp lúpínurætur og éta þær. Þar sem fæðunám er mikið til lært atferli þá ætti að vera hægt að kenna öðrum hestum atferlið og dreifa þekkingunni til annarra hestahópa sem þá gætu séð um að „róta upp“ lúpínubreiðum. Víða erlendis hafa verið myndaðir hópar beitardýra sem sjá um „þrif“ á tilteknum svæðum (sjá „prescribed grazing“ – t.d. <https://www.co.weld.co.us/assets/268B3d-85BCbCCBDDDB98D.pdf>). Leigja bændur þessa hópa út og sjá um að beita þau svæði sem þarf á hverjum tíma. Full ástæða er til að reyna þessa aðferð á Íslandi – beitardýr gegn lúpínni – og hugsanlega einnig skógarkerflinum sem nú breiðir hratt úr sér.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir
prófessor og námsbrautarstjóri
náttúru- og umhverfisfræða,
Landbúnaðarháskóla Íslands

Dreifing alaskalúpínnar á Íslandi

Fyrir í sumar kom fram í fréttum að svo virtist sem lúpínan væri að dreifa sér sífellt hraðar og að það væru komnir smáblettir af lúpínu víða meðfram vegum og upp um hálendi. Í þessu samhengi er vert að minnast þess að sumarið 1989 var smituðu (virku) lúpínufraei dreift ómarkvisst um landið. Voru nokkur fræ sett í litla plastpoka með slaufu og þeim komið á fjölmargar bensinstöðvar víða um land. Var fólk hvatt til að taka þessa poka með sér og sá fræjunum þar sem þeim sýndist henta. Þetta sama sumar var lúpínufraei einnig dreift úr flugvél – m.a. yfir Reykjanesskagann. Því er það ekki ólíklegt að lúpínuplönturnar sem nú eru að verða áberandi við vegi landsins eigi rætur sínar að rekja til þessarar frædreifingar árið 1989 – þegar fólk tók með sér poka í bílinn og dreifði þeim á næsta áfangastað við veginn.

Hegðun ágengra tegunda

Þegar nýjar tegundir eru að ná fótfestu fylgja þær tilteknu mynstri. Í



Lúpína á erfitt uppdráttar þar sem er jöfn sauðfjárbreit. Myndin tekin við Markarfljótsaura í Fljótshlíð í júlí 2015. Mynd / AGP

PRO•STAMINUS

ÖFLUGT NÁTTÚRULEGT EFNI FYRIR KARLMENN

**Pissar þú oft á nóttunni?
Er bunan orðin kraftlítill?**

PRO•STAMINUS er spennandi nýjung sem er fyrst og fremst ætluð karlmönnum sem hafa einkenni göðkynja stækkunar á blóðruháskirtli sem getur valdið vandræðum við þvaglát.

www.gengurvelis

PRO•STAMINUS fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum og heilsuhillum stórmarkaða

Mikið úrval aukahluta

BIRCHMEIER

Profi Star 5
fyrir garðinn

Spray-Matic 5P
fyrir olíuefni

Clean-Matic 5E
fyrir alkalísk efni

Clean-Matic 5P
fyrir sýruefni

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

Made in Switzerland

Parftu að halda fuglum frá?

Fuglafæurnar frá Scarecrow eru mannúðleg og vistvæn lausn sem halda fuglum varanlega frá.

Haltu starra, gæsnum og álfum frá

Nánari upplýsingar
www.fuglavarnir.is
sala@fuglavarnir.is
Sími 896 1013

fuglavarnir.is

Gamli traktorinn



Bristol – Bucher – Burgartz

Að þessu sinni verður fjallað um þrjár gerðir gamla dráttarvéla. Allar eiga sameiginlegt að nöfn þeirra byrja á B og að framleiðslu þeirra var hætt á áttunda áratug síðustu aldar þrátt fyrir að framleiðslan hafi gengið vel á tímabili.

Bristol var framleiddur á Bretlandseyjum, Bucher í Sviss en Burgartz í Þýskalandi.



Bristol frá Bretlandi

Saga Bristol-dráttarvéla hófst um 1930 þegar Walter Hill, sem áður starfaði fyrir Fordson, Rushton og Muir-Hill dráttarvélaframleiðendurnar, hannaði lítinn traktor á gúmmibeltum sem fékk heitið Bristol. Vélin var loftkæld og tveggja strokka. Traktorinn var þriggja gíra og hannaður fyrir minni býli og garðyrkjustöðvar.

Eftir seinni heimsstyrjöldina skipti framleiðandinn yfir í sams konar vél og var í Austin-bifreiðum. Árið 1949 var hægt að velja á milli þess að fá traktorinn með vél frá Austin eða Perkins og hét sú týpa Bristol 22. Dráttargeta Bristol 22 var gefin upp sem 1,8 tonn á nýu kílómetra hraða á klukkustund. Salan gekk þokkaleg og voru um 250 slíkir seldir til Nýja Sjálands.

Rekstur Bristol var brokkgengur frá upphafi og talsverð eigenda-skipti voru á fyrirtækinu en árið 1970 keypti vélaframleiðandinn Track Marshall það og sama ár var framleiðslu Bristol dráttarvéla hætt.



Bucher frá Sviss

Framleiðsla á Bucher dráttarvélu á rætur sýnar að rekja til járnsmiðju í borginni Niederweningen í Sviss sem var sett á laggirnar árið 1807. Í tæp 150 ár framleiddi fyrirtækið margs

konar landbúnaðartæki og hannaði og smíðaði meðal annars fyrstu vökvaknúna ávaxtapressuna. Það var ekki fyrr en árið 1953 sem það hóf framleiðslu á traktorum sem voru knúin áfram af þýskum díselmótor frá MWM.

Samhliða framleiðslu á Bucher var fyrirtækið umboðsaðili fyrir Fiat og Guyer dráttarvélar og hefur líklega lagt of mikla áherslu á sölu þeirra og þannig skaðað sölu á Bucher.

Þrátt fyrir að um tíma væru fimm týpur af Bucher dráttarvélu í boði náðu þær aldrei almennilegri fötfestu og framleiðslu á þeim var hætt 1973. Bandaríski vélaframleiðandinn Monarch Hydraulics er eigandi Bucher í dag og vörumerkið aðallega þekkt fyrir framleiðslu á garðsláttuvélum.



Bungartz frá Þýskalandi

Þýska fyrirtækið Bungartz & Co. Maschinefabrik hóf starfsemi í München árið 1920. Framleiðsla fyrirtækisins á dráttarvélu hófst 1930 og gekk fyrsti mótorinn fyrir díselolíu og var frá þýskum framleiðanda sem hét DKW. Á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöldina reynd Bungartz fyrir sér með ýmsar gerðir véla frá Fichtel & Sachs, Hatz, MWM og Deutz.

Árið 1958 setti Bungartz á markað dráttarvél sem kallaðist T5 og var lítil og grannur eins strokks traktor hannaður til vinnu á vínökrum. Framhjólábúnaðurinn var sérstakur að því leiti að hann gat snúist um 90° og traktorinn því snúid við á bletti sem var samsvarandi lengd hans.

Velgengi T5 var talsverð og 1960 var farið að flytja þá út og meðal annars til Bandaríkjanna. Sama ár hóf fyrirtækið framleiðslu á handstýrðum jarðtæturum og garðsláttuvélum með sætti fyrir sláttumanninn slynga.

Bungartz framleiðandinn var yfirtekinn af þýska bifreiðaframleiðandanum Gutbrod/Moto Standart árið 1974 og framleiðslu dráttarvéla hætt en framleiðsla á sláttuvélum og jarðtæturum eflid til muna. /VH

Skógrækt og orkuframleiðsla:

Lífeldsneyti úr skógi í stað olíu

– sænski skógariðnaðurinn hefur dregið úr notkun jarðefnaeldsneytis um 71% á áratug

Á einum áratug hefur skógariðnaðurinn í Svíþjóð dregið úr notkun jarðefnaeldsneytis um 71 prósent. Greinin notar nú 2,2 teravattstundir af orku úr jarðefnaeldsneyti en árið 2005 nam notkunin 7,6 teravattstundum. Samdrátturinn nemur því 5,4 TWst.

Á heimasíðu Skógræktar ríkisins segir að árangurinn hafa náðst með því að bæta orkunýtingu framleiðsluferfa en þó fyrst og fremst með því að olíu hefur verið skipt út fyrir lífeldsneyti sem framleitt er úr aukaafurðum viðar- og pappírsmáðarins. Útreikningarnir eru byggðir á gögnum frá sænsku hagstofnunni SCB um pappír- og trjákvæðniðnaðinn en einnig sögunarmyllur og aðra timburvinnslu.

Reiknast mönnum til að losun koltvísýrings frá skógariðnaðinum hafi minnkað úr tveimur milljónum tonna árið 2005 í 600.000 tonn í ár. Gott dæmi um þessi umskipti er pappaverksmiðja Holmensfyrirtækisins í lgggesund. Þar hefur starfsemin vaxið en samt sem áður



hefur olíunotkun dregist saman úr 36.000 rúmmetrum 2005 í 3.500 rúmmetra 2014. Þetta þýðir að losun koltvísýrings frá starfsemi hefur minnkað um 90% á tíu árum.

Notkun lífeldsneytis í sænska skógariðnaðinum hefur lítið breyst undanfarin fimmtán ár. Hún hefur sveiflast í kringum 50 teravattstundir á ári í takt við hagsveiflur. Aðallega eru nýttar aukaafurðir eins og svartlútur, börkur og viðarkurl eða spænr.

Sænski skógariðnaðurinn tekur þátt í starfi samtakanna Svebio - Svenska Bioenergiföreningen. Þetta eru samtök fyrirtækja sem vinna að því að framleiða, meðhöndla og nýta hvers kyns tegundir lífeldsneytis. Markmiðið er að auka notkun lífeldsneytis á sem visthæfastan og hagkvæmasta hátt. Svebio var sett á laggirnar 1980 og nú starfa í samtökunum um 300 fyrirtæki. /VH



Fleiri en þúsund bændur tóku þátt í aðgerðunum og lokuðu vegum.

Matvælaflutningur milli landa:

Franskir bændur stöðva innflutning á matvælum

Bændur í Frakklandi hafi gripið til mótmæla vegna innflutnings á matvælum. Fyrir skömmu settu þeir upp vegatálma og hindruðu 400 vöruflutningabíla með matvæli frá Þýskalandi og Spáni að komast yfir landamærin til Frakklands.

Franskir bændur eru þekktir fyrir kröftug mótmæli þegar þeim er misboðið. Í gegnum árin hafa þeir sturt að tómtum eða kartöflum á götur og lokað þeim. Þeir hafa smalað búfé að Eiffel-turninum og kastað eggjum, dælt mykju eða mjólk yfir þinghús og bílalestir. Fyrir skömmu settu þeir upp vegatálma og komu þannig í veg fyrir að 400 flutningabílar með matvæli, kjöt, grænmeti og mjólkurvörur, sem flytja átti til landsins, kæmst á áfangastað.

Vöruflutningabílum snúid við

Fleiri en þúsund bændur tóku þátt í aðgerðunum og lokuðu vegum með dráttarvélu, dekkjum, heyrullum og landbúnaðartækjum. Í sumum tilfellum var flutningabílinum snúid við en í öðrum voru þeir tæmdir og kveikt í farminum. Annars staðar lokuðu bændur

vegum með því að sturta á þá innihaldi haughúsa eða að þeir takmörkuðu aðgengi ferðamanna að ferðamannastöðum.

Grafið undan landbúnaði

Bændurnir segja að innflutningur á ódýrum matvælum frá löndum í Austur-Evrópu og Spáni, þar sem laun eru lág og eftirlit með framleiðslunni lítið, ásamt þrýstingi frá stórmörkuðum um lækkað verð sé að grafa undan landbúnaði í Frakklandi.

Samkvæmt opinberum tölum í Frakklandi hefur um 10% bænda í landinu orðið gjaldþrota á nokkrum árum. Frönsk bændasamtök segja að skuldir bænda séu sífellt að hækka, tíðni sjálfsvíga meðal bænda að aukast og að ungt fólk sýni lítinn áhuga á að hefja búskap.

Í framhaldi af mótmælunum hafa stjórnvöld í Frakklandi lofað að bæta samkeppnisstöðu bænda með skattaávilnunum upp á 600 milljón evrur, um 90 milljarða íslenskra króna. Samkvæmt reglum Evrópusambandsins mega stjórnvöld ekki styrkja bændurna með beinum hætti til að mismuna ekki samkeppnisáðilum í öðrum löndum

sambandsins.

Bann á innflutningi á landbúnaðarvörum frá löndum Evrópusambandsins til Rússlands er farið að hafa áhrif á verð matvæla í Evrópu til lækkunar. Vegna bannsins hafa aðildarlönd Evrópusambandsins á austanverðri Evrópu lagt aukna áherslu á að flytja út matvæli til landa vestar í álfunni. Eftirspurn eftir matvælum frá Evrópu til Kína hefur einnig dregist saman.

Fólk hvatt til að versla innlendrar matvörur

François Hollande, forseti Frakklands, segist skilja afstöðu bændur og hefur hvatt neytendur í Frakklandi til að kaupa matvöru sem er framleidd innanlands. Stéphane Le Foll, landbúnaðarráðgjafi Frakklands, sagði í viðtali að landbúnaður í Frakklandi væri hluti af landbúnaði í Evrópu og að Frakkar væru bæði inn og útflytjandi á matvöru og að leita yrði jafnvægis á því sviði.

Nýleg skoðanakönnun sýnir að 78% Frakka treysta ekki stjórn Hollande til að gera eitthvað varanlegt í málinu og bæta þannig hag bænda til frambúðar. /VH

Ár jarðvegsins:

Eignarhald á landi og umfang gróður- og jarðvegseyðingar á miðöldum

Kristni var lögtekin á Íslandi árið 1000 og kaþólsk trú var við líði fram að siðaskiptum árið 1550. Talsverðar breytingar urðu á eignarhaldi á landi í kjölfar kristnitökunnar með þeim hætti að jarðir færðust frá bændum í hendur klaustra og biskupsstóla.

Egill Erlendsson landfræðingur og lektor við Háskóla Íslands hélt í sumar erindi sem hann kallaði „Var þeim sama um moldina“ og fjallaði um breytingar á eignarhaldi á landi og umfang gróður- og jarðvegseyðingar á miðöldum.

Í erindinu velti Egill fyrir sér hvort yfirfærsla á eignarhaldi á landi frá bændum til klaustra hafi verið ein af ástæðunum fyrir aukinni gróður- og jarðvegseyðingu sem hófst skömmu eftir að kristni var lögtekin.

„Eignaskrár klaustra og biskupsstóla sýna að þær stofnanir eignast talsvert af jörðum fljótlega eftir að kristni er tekin upp eða í kringum 1100 og fram að siðaskiptum.

Með eignatílfærslunni urðu margir sjálfseignarbændur að leiguliðum. Spurningin er sú hvort eignarhaldsbreyting af þessu tagi hafi haft áhrif á viðhorf bændanna til landsins og þeir hafi einfaldlega hætt að hugsa eins vel um það. Í stað þess að vera metnaðarfullir sjálfseignabændur hveir börn erfðu landið voru þeir leiguliðar klaustranna og ekkert endilega að leggja á sig mikla vinnu til jarðar-bóta. Margir hafa því eflaust reynt að komast sem einfaldast í gegnum lífið og vinna sem minnst þar sem aukin vinna var ólíkleg til að bæta hag þeirra.“

Aukin sauðfjárbúskapur

„Sauðfjárrækt með vetrarþrá er mun auðveldari búskapur en að vera með nautgripi enda minna fyrir sauðfénu haft.“

Fornleifarannsóknir sýna að frá árinu 1000 til 1300 eykst hlutfall sauðfjárbeina í óskuhaugum við bæi en nautgripabeinum fækkar og sýnir svo ekki verður um villst að hlutur sauðfjár eykst á móti nautgripum.

Án þess að fullyrða að það séu bein tengsl milli breytinga á eignarhaldi jarða og aukins sauðfjárhalds er áhugavert að velja tengslunum fyrir sér,“ segir Egill.

Þegar Egill er spurður hvort breytingin geti ekki stafað af kólnandi veðurfari eftir landnám segir



Egill Erlendsson

Mynd / VH

hann það geti að sjálfsgöngu haft sitt að segja. „Flest bendir til að kólnunin hafi byrjað í kringum 1250 og því nokkru síðar en aukningin í sauðfjárhaldi hófst.“

Hnignun skóga og jarðvegseyðing

„Rannsóknir á gróðurbreytingum og gróðureyðingu sýna að fyrsta stórfellda breytingin verður við landnám. Það er í sjálfu sér skiljanlegt í kjölfar þess að landnámsmenn eru að koma sér fyrir og hefja búskap, skapa sér búsetuskilyrði og hefja landbúnað.“

Hnignunin virðist síðan ná nokkru jafnvægi en á árabílinu milli 1150 og 1200 virðist hún aukast á nýjan leik. Upp frá þessum tíma verður hörfun skóganna hraðari og í kjölfarið herðist á jarðvegsofnum



Myndir / Bændablaðið



Ár jarðvegsins.

Þegar svörðurinn situr óvarinn eftir. Sem dæmi má nefna að frá u.þ.b. 1200 til 1500 hverfa skógar og kjarr úr Mosfellsdal og svipað má lesa úr gögnum frá Mývatnssveit og Borgarfirði.

Þannig að breyting á eignarhaldi jarða og fjölgun sauðfjár getur allavega verið einn hluti skýringarinnar fyrir aukinni jarðvegseyðingu á miðöldum.“

Leiga borguð í osti

„Annað sem tengir aukningu í sauðfjárhaldi við klaustrin er að íslensk klaustur borguðu gjald til biskupsins í Niðarósi í osti og hann gjald til Rómara. Leiguliðar klaustranna borguðu því að hluta til leiguna í osti og það getur hafa ýtt undir aukna sauðfjárrækt í landinu til að framleiða ost. Sauðfé var kannski tryggari bústofn til að standa undir gjaldheimtunni.“

Ég hef reyndar ekki skoðað þessa hlið málsins nógu vel til að vita hversu mikið af leigunni var greitt í osti en mér skilst að það hafi verið talsvert og það er áhugaverður vinkill.“

Klaustrin sett upp í pólitískum tilgangi

Egill segir að þrátt fyrir að klaustrin á Íslandi hafi oft verið talin lítil og ómerkileg hafi þau verið stofnsett í pólitískum tilgangi. Eignasöfnun klaustranna og biskupsstóla sýnir að tilvera þeirra skipti máli og rökrétt að álykta að þau hafi haft töluverð áhrif á samfélagslega þróun á fyrstu öldum byggðar í landinu.

„Klaustur víða í Evrópu voru miðstöðvar umbóta, meðal annars í landbúnaði, og spurning hvort yfirmenn kaþólsku kirkjunnar hafi talið að Ísland hentaði betur til sauðfjárræktar en nautgriparræktar og beitt áhrifum til að auka hana hér með smjörgjaldinu.“

Að lokum segir Egill að allar þessar vangaveltur séu enn á hugmyndastigi og ekkert fast í hendi með þær. „Þetta er tilgáta og eins og með allar tilgátur verður að byggja þær upp og prófa áður en hægt er að segja til um niðurstöður með frekari vissu.“

/VH

Kjarni málsins Ekkert viðhald



Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða gluggar@kjarnagluggar.is



Kjarnagluggar

Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800 kjarnagluggar.is

Auglýsingastofa E. Backman

Hress og skemmtileg fjölskylda óskar eftir að komast að í sveit

Leiga kemur til greina með möguleika á kaupum seinna meir sem og flutningur í sveit þar sem fjölskyldan mun leggja sitt af mörkum með möguleika á að kaupa og taka við rekstri sem einhver kraftmikill bóndi hefur byggt upp.

Undanfarin ár hefur fjölskyldufaðirinn og -móðirin gengið menntaveginum með það að markmiði að byggja vel í haginn fyrir framtíðina. Hannes er með sveins- og meistarabréf í rafvirkjun. Hann hefur einnig lokið iðnfræði námi við HR og stundar nú nám á öðru ári í búfræði við LBHÍ. Anna er með sveinsbréf í hársnyrtið, ásamt því hefur hún lokið B.Ed gráðu í kennarafræðum við HA og áætlað að ljúka meistaraprófsnámi í menntunarfræðum um áramótin n.k. og útskrifast þá sem grunnskólakennari.

Saman eiga þau tvo kraftmikla unga drengi.

Vinsamlegast hafið samband ef þið getið aðstoðað okkur við að láta draum okkar verða að veruleika. Við erum með topp meðmæli úr öllum áttum og leggjum okkur 100% fram við allt sem við tökum okkur fyrir hendur.

Netfang: hannes-bjarki@hotmail.com Sími: 895-4673



Skrúfupressur og stimpilpressur

Lofthreinsibúnaður
Loftkútar - Loftsíur
Lofttengibúnaður
Loftþurrkarar



- Einstaklega hljóðlátar
- Þýsk gæði



- Ýmsar stærðir og gerðir

RAFVER FAGMENNSKA ALLA LEIÐ

Skeifan 3E-F • Sími 581-2333 • Fax 568-0215 • www.rafver.is



Spár um uppskeru í löndum Evrópusambandsins 2015:

Uppskera undir fimm ára meðaltali

Nýjar spár gera ráð fyrir að uppskera á hektara í tonnum talið á mörgum helstu nytjaplöntum sem ræktaðar eru í þeim 28 löndum sem tilheyra Evrópusambandinu verði undir meðaltali síðustu fimm ára.

Ástæða minni uppskeru á ár er sögð vera miklir hitar á helstu ræktarsvæðum Evrópu þar sem hitinn í júlí var langtímum saman yfir 35° á Celsíus. Þurrkar á Spáni og í Bretlandseyjum hafa einnig verið töluverðir vegna hita og valdið samdrætti í uppskeru vegna vatnsskorts. Tölur frá Úkraínu og Hvíta-Rússlandi gera ráð fyrir samdrætti í uppskeru í vetur. /VH

Tegund	Spá fyrir 2015	5 ára meðaltal
Hveiti	5,8	5,6
Vorbygg	3,8	3,9
Vetrarbygg	5,5	5,3
Korn	6,7	7,0
Rúgur	4,2	4,1
Repja	3,2	3,1
Kartöflur	33	32
Sykurrófur	72	70

Kaupendur sniðganga korn frá Danmörku: Lágt prótíninnihald erfitt fyrir útflutning á korni

Síðustu ár hafa kaupendur á heimsmarkaði sniðgengið danskt korn þegar þeir panta korn frá löndum innan Evrópusambandsins.

Orsök þessa er að prótíninnihaldið í dönsku korni hefur lækkað og er mun minna en í korni frá öðrum löndum innan Evrópusambandsins. Árið 2014 innihélt danskt fóðurhveiti 27% minna af prótíni en til dæmis þýskt fóðurhveiti. Almennur samburður sýnir að danskt korn hefur 40% minna prótíninnihald en korn frá Norður-Þýskalandi. Danir skýra þetta með því að þar í landi séu tak-



markanir á notkun á áburði eða fyrst og fremst á nitrógeni sem ekki eru í öðrum löndum sambandsins. /ehg

Skordýraeitur og ræktun:

Leyfa notkun á skordýraeitri sem drepur býflugur

Brest stjórnvöld hafa gefið bændum leyfi til að nota skordýraeitur sem er bannað innan lands Evrópusambandsins. Leyfið er tímabundið og gildir í 120 daga.

Andstæðingar notkunar á eitri segja að það geti haft gríðarlega slæmar afleiðingar í för með sér fyrir býflugnastofna í landinu. Býflugur í Bretlandi og víðar um heim hefur fækkað mikið undanfarin ár og er dauði þeirra yfirleitt rakinn til óhóflegrar notkunar á skordýraeitri. Býflugur eru nauðsynlegar við frjóvgun í ávaxtatrjáa og annarra plantan í matvælaíðnaði og fækkun þeirra er þegar farin að hafa áhrif á uppskerumagn.

David Cameron forsætisráðherra Bretlands segir aftur á móti að það vanti vísindaleg rök sem sanna að eitrið sé meginástæða fækkun býflugna. Nefnd sem Cameron setti á laggirnar meðal annars til að kanna hvaða áhrif skordýraeitur hefði á býflugur lagðist gegn notkun efnisins.

Efnið sem um ræðir er framleitt af fræsölu- og efnaframleiðslufyrirtækjunum Bayer og Syngenta sem segja að efnið sé ekki hættulegt býflugum og hafa eytt stórfé í sannfæra stjórnmalámen, bændur og almenning um að svo sé.

Leyfi til að nota eitrið gildir í 120 daga og samkvæmt því mega bændur sem stunda repjurækt og



framleiða repjuólú nota það á akra sína til að halda niðri skordýrum sem leggjast á plöntur af krossblómaætt.

Landssamtök bænda á Bretlandseyjum fagna leyfinu og segja að

það muni koma í veg fyrir gjaldþrot fjölda bænda sem rækta repju.

Ríflega 500.000 manns á Bretlandseyjum hafa skrifað undir kröfu þess efnis að leyfið verði afturkallað hið snarasta. /VH

Mjólkurkvóti ESB var lagður af 31. mars:

Heildarframleiðsla á mjólk aukist í ESB

Mjólkurframleiðsla í mörgum löndum Evrópusambandsins hefur aukist talsvert eftir að mjólkurkvóti var lagður niður 31. mars síðast liðinn.

Þetta kemur fram nýjum tölum um mjólkurframleiðslu innan ESB. Aukningin sem um ræðir er á milli 1,2 og 11% milli landa. Mest er aukningin á Írlandi um 11%, hún er 7,2% í Ungverjalandi, 4,2% í Hollandi, 2,3% í Þýskalandi og 0,2% Danmörku.



Framleiðslan hefur aftur á móti dregist saman um 8,7% í Rúmeníu, 4,4% í Eistlandi, 3,1% í Króatíu og 1% í Svíþjóð. /VH


Trjárækt og tækninýjungar:

Drónar sem planta trjám

Breskt fyrirtæki, BioCarbon Engineering, vinnur nú að því að hanna dróna sem geta gróðursett tré. Markmið fyrirtækisins er að planta milljarði trjáa í um 500 þúsund hektara lands á ári með drónum.

Talsmaður BCE segir að í baráttunni við skógareyðingu verði að finna nýjar leiðir og að nýta sér dróna sé ein þeirra. Að hans sögn geta drónar komist á svæði sem erfitt er að komast á með fræ eða smáplöntur. Fyrstu tilraunir með sáningu og gróðursetningu af þessu tagi verða gerðar í Suður-Afríku og á svæðum í Amason þar sem skógum hefur verið eytt.

Áætlun BCE gerir ráð fyrir að áður en farið er út í sáningu eða gróðursetningu verði drónar sendir í yfirlitsflug og gróðursetningarsvæði ákveðin út frá myndum og GPS punktum. Næsta skref er að ákveða hversu mikið þarf af plöntum eða fræjum og drónum til verksins. Drónarnir munu síðar bera



hylki með fræjum eða fræplöntum sem þeir skjóta niður í jörðina úr eins til tveggja metra hæð. Hylkin sem innihalda áburð munu síðan leysast upp fljótlega og plantan

skjóta rötum eða fræin spíra. Að lokum er svo hægt að nota drónana til að fylgjast með árangri verksins. /VH

friendtex

ÚTSALA

2 fyrir 1

Mikill afsláttur

Lokadagur föstudag

Skoðið flottu fötin á friendtex.is

Bonito ehf. • Friendtex • Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is
Opíð mánud. - föstud. 11:00-17:00, lokað laugardaga.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna:

Matvælavísitala FAO sú lægsta í tæp sex ár

Mikil lækkun á verði mjólkurafurða og jurtaolíu keyrir vísitöluna niður í lægsta gildi frá því í september 2009.

Verðlækkun mjólkurafurða og jurtaolíu er það mikil að vísitalan hefur snarlækkað þrjátíu fyrir að verð á sykri og korni hafi hækkað og verð á kjöti staðið í stað.

Matvælavísitala FAO mælir verð á fimm fæðuflokkum á alþjóðamarkaði, korni, kjöti, mjólkurafurðum, jurtaolíu og sykri. Í júlí síðastliðnum hafði vísitalan fallið um 7,2% frá júní mánuði. Ástæða lækkunarinnar er minnkandi innflutningur á matvælum til Kína, Miðausturlanda, og Norður-Afríku samhliða aukinni mjólkurframleiðslu í löndum Evrópusambandsins og þar af leiðandi aukningu í framboði á mjólkurafurðum.

Í júlí mældist jurtaolíuvísitala 5,5% lægri en í júní og sú lægsta frá því í júlí 2009. Lækkunin er

rakin til lækkunar á verði pálmaolíu á alþjóðamarkaði vegna aukinnar framleiðslu á henni í Suðaustur-Asíu samhliða lækkun á útflutningsverði sojaolíu frá Suður Ameríku.

Kornvísitalan hækkað um 2% frá júní til júlí en er samt sem áður 10,1% lægri en í júlí 2014. Verð á hveiti og maís hefur hækkað tvo mánuði í röð vegna óhagstæðs veðurfars í Evrópu og Norður-Ameríku. Verð á hrísgrjónum hefur aftur á móti lækkað.

Kjötvisitala FOA stóð nánast í stað í júní og júlí. Verð á nautgripakjöti á alþjóðamarkaði hækkaði en lækkun á verði svína- og lambakjöts olli því að vísitalan stóð nánast óbreytt. Verð á alifuglakjöti hefur staðið í stað.

Vísitala sykurs hækkaði um 2,5% frá júní til júlí. Ástæða lækkunarinnar er spár um samdrátt í uppskeru á Brasilíu vegna slæmra ræktunar-skilyrða.



Enn eru laus pláss á háskólabrautum Landbúnaðarháskóla Íslands

- Umhverfisskipulag
- Skógfræði og landgræðsla
- Náttúru- og umhverfisfræði
- Hestafræði
- Búvísindi

Meistaránám í skipulagsfræði

Áhugasömum er bent á að hafa samband við kennsluskrifstofu Lbhí á netfanginu kennsluskrifstofa@lbhi.is eða í síma 433-5000.

www.lbhi.is



Vill banna erfðabreytta ræktun í Skotland:

Bændur segja bannið gera þá ósamkeppnishæfa

Þingmaður í Skotlandi leggur til að bann verði sett alla ræktun á erfðabreyttum matvælum í landinu til vernda hreinleika innlendra afurða og ímynd landsins. Bændur segja bannið takmarka möguleika þeirra til ræktunar.

Skoski þingmaðurinn Richard Lochhead segist ætla að leggja fram frumvarp á þingi landsins sem leggur bann við ræktun á erfðabreyttum matvælum í Skotlandi, verði það samþykkt. Meðal raka Lochhead er að Skotar hafi ekki ráð á því taka áhættuna sem fylgir því að rækta erfðabreytt matvæli þar sem enginn

viti fyrir víst hvað slíkt getur haft í för með sér fyrir landbúnað í framtíðinni. Hann segir einnig að með því að banna ræktun á erfðabreyttum matvælum muni Skotland tryggja ímynd sína sem hreint og fallegt land.

Hugmyndin hefur mætt talsverðri gagnrýni meðal bænda og sérfræðinga sem tengjast ræktun og landbúnaði. Bændur benda á að verði bannið að veruleika muni það takmarka möguleika þeirra til ræktunar verulega og gera þá ósamkeppnishæfa gagnvart löndum þar sem ræktun á erfðabreyttum matvælum er leyfð. /VH

Lífland flytur verslun sína að Óseyri 1 á Akureyri:

Stærri verslun og aukið vöruval

Lífland hefur flutt verslun sína norðan frá Lónsbakka í húsnæði að Óseyri 1 á Akureyri, þar sem Múrbúðin var áður. Lífland hefur stundað verslunarrekstur á Akureyri frá árinu 2008 og hefur Ellert Jón Gunnsteinsson stjórnað henni frá upphafi. Húsnæðið sem Lífland hefur yfir að ráða er tæpir 800 fermetrar, sem er mun meira pláss en var á Lónsbakka og gefur aukna möguleika á að auka við vöruúrval.

Jákvæð viðbrögð

„Við höfum aukið vöruval okkar umtalsvert og á það við um alla þá vöruflokkana sem við bjóðum upp á,“ segir Ellert Jón, en nefna má að vöruval fyrir bændur hefur aukist, sem og fyrir hestamenn og eigendur gælu-dýra. „Það var orðið nokkuð þröngt um okkur og því nauðsynlegt að komast í rúmbetra húsnæði. Það hefur nú gerst og við erum himinlifandi. Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð, það hefur gengið vel það sem af er hér á nýja staðum og viðskiptavinir okkar eru ánægðir.“



Ellert Jón Gunnsteinsson.

Ellert Jón segir að auk þess sem verslunin sjálf sé stærra, sé aðgengi að henni einkar gott, næg bílastæði og einnig eigi þeir sem koma með vörur eða eru að sækja þær hæggar um vik að athafna sig á svæðinu.

Allt fyrir bændur

Bændur hafa um tíðina verið stór hluti viðskiptavina Líflands og segir Ellert Jón gaman að geta nú gert enn betur við þá. Undanfarið hafa bændur verið önnur kafnir við girðingarvinnu og býður Lífland gott úrval af girðingar-efni af öllu tagi. Hið sama er upp á teiningnum þegar kemur að heyskap, en Lífland býður upp á gott úrval af öllu því sem lýtur að þökkun og verkun heyfengs. /MÞP



JÁ, VIÐ ÞURFUM GÓÐA SÓLARVÖRN!

Langvirk - 6 klukkutíma sólarvörn. Lyktarlaus og vatnsheld.

Sara Hrönn Viðarsdóttir
Búfræðingur og „kúahvíslari“

Hef notað Proderm s.l. þrjú sumur á kýrnar og það virkar ótrúlega vel. Hef ég ekki verið í vandræðum með sólbrunna spena á kúm síðan ég prófaði fyrst og

engin kýr sparkað eða verið með læti. Spenarnir haldast mjúkir og hreinir. Ber á eftir morgunmjaltir og það dugur. 1 brúsi dugur á 30 kýr í 4-5 daga.

Grunnformúlan er læknisfræðilega skráð.

Pantanir: celsus@celsus.is - 551 5995
Fæst í apótekum, Nettó, Hagkaup og víðar.

Celsus ehf.
Hjúkrunar- og heilsuvörur

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Stefanía kom í Breiðavað 1984 og hóf þar búskab ásamt Kristjáni Frímanssyni og móður hans Guðrúnu Blöndal. Kristján lést árið 1999 og Stefanía, ásamt Þórarni Bjarka Benediktssyni, keypti jörðina af Guðrúnu árið 2000.

Býli: Breiðavað.

Staðsett í sveit: Austur-Húnavatnssýsla.

Ábúendur: Stefanía Egilsdóttir og Þórarni Bjarki Benediktsson.

Fjölskyldustærð (og gæludýr): Dæturnar okkar fjórar eru Dagný Björk fædd 1985, Jenný Drífa fædd 1990, Árný Dögg fædd 1995 og Hjördís fædd 2002. Gæludýrin eru chihuahua-tíkin Tanja, kötturinn Snúlla og sex border collie-hundar.

Stærð jarðar: 982 ha.

Gerð bú: Sauðfjárbú.

Fjöldi búfjár og tegundir: 550 fjár, 24 hross, níu geitur og kiðlingar.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Hefbundið á sauðfjárbúi.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Allt gaman ef við gerum það saman, nema tína plast af




girðingum, segir Hjördís.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Svipaðan og nú, kannski fleiri geitur.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Bara vonandi vel.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Í hreinum afurðum.



Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, ostur, skinka og svolítið af bjór.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambakjöt.

Eftirminnilegasta atvikið við

bústörfin? Þegar við tókum við jörðinni og einnig þegar við fengum okkur geitur.



MATARKRÓKURINN – BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Girnilegir tómatar og grillaðar kótilettur

Tómatar eru vanmetið hráefni sem oft er tekið sem sjálfsögðum hlut. Við veljum ekki alltaf tómata eftir tilefninu og þurfum að gæta að gæðunum. Nú er mikið úrval af flottum íslenskum tómötum á markaðnum en þeir eru ekki alltaf fullþroskaðir þegar þeir koma í verslanir. Við gætum tekið Ítali okkur til fyrirmyndar og sett aðeins fullþroskaða tómata á markað, sem eru rauðir innan sem utan. Grænu tómata má kryddleggja og nota í tómatsultur. Bragðbestir eru tómatarinn þegar þeir eru vel þroskaðir, skornir í sneiðar með bragðmildum ferskum mozzarella-osti og basil. Svo má leika sér með sósur og sultur þegar þeir eru of linir og of þroskaðir fyrir skurð.

Hér eru girnilegar sósu- og saltauppskriftir þar sem tómatarinn eru í aðalhlutverki. Hin suðræna tomat-Chimichurri sósa fer vel með íslenskum lambakótilettum og svíkur engan.

Sveita-tómatsósa (ketchup)

Skemmtilegur og auðveldur morgunverður sem auðvelt er að borða á hlaupum áður en farið er í fjós eða til annarra morgunverka. Það er óhætt að frysta bollakökurnar og stinga í örbylgjuofn þegar á að borða.

- › 12 stk. þroskaðir tómatar
- › 1 chili-pípar, sneiddur og fræhreinsaður
- › 1–2 msk flögusalt
- › Edik (5 prósent af heildarþyngd)
- › 100–200 g sykurl
- › 1/2 tsk pípar (cayenne)
- › 2 tsk paprikuduft
- › 2 tsk sinnepduft
- › 1/2 msk heilpíparkorn



- › 1 tsk sinnepsfræ
- › 1 stk lárviðarlauf

Aðferð

Dýfið tómötunum í sjóðandi vatn í 30 til 60 sekúndur eða þangað til hýðið fer að flagna af. Dýfið í kalt vatn og takið hýðið af. Skerið í bita og bætið í chili og paprikudufti. Látið suðuna koma upp og látið malla í 20 mínútur með loki. Sameinið restina af hráefninu í kryddpoka eða tesíu, bætið við ediki og látið sjóða í sér potti. Lækkið hitann og eldið í 20 mínútur. Fjarlægjið kryddblöndupoka og sameinið edikblönduna og tomatmalkið. Bætið við sykri og salti og látið sjóða við vægan hita þar til blandan hefur þykknað örflítið. Hægt er að setja malkið heitt í hreinar krukur fyrir góðan geymslutíma í kæli. Nú eruð þið komin með góða sósu sem hentar t.d. sem fullkomin pastasósa með ögn af capers og parmesanosti.

Tómat- og mozzarella caprese salat

- › 8 sneiðar af fullþroskuðum tómötum
- › 2 matskeiðar balsamic edik
- › 8 miðlungslauf ferskt basil
- › 8 sneiðar ferskur mozzarella-ostur



- › Smá þurrkað oregano
- › Flögusalt
- › Ferskur malaður pípar
- › 2 matskeiðar jómfrúarólfuolía

Aðferð

Raðið sneiddum tómötum á fat. Setjið eitt basillauf ofan á hverja tómatsneið. Setjið eina sneið af mozzarella ofan á hvert basillauf svo það myndist lög. Stráið smá oregano, salti og ferskum möluðum pípar yfir og úðið yfir með jómfrúarólfuolíu. Endið með smá balsamic ediki.

Tómat-Chimichurri sósa:

- › 4 hvítlausrif
- › 1 handfylli steinselja, lauslega söxuð
- › 1 handfylli ferskur kóríander, lauslega saxaður
- › ½ knippi ferskt basil, lauslega saxað



- › 1 bolli þroskaðir tómatar, fræhreinsaðir og grófhakkaðir
- › 2 tsk tomatmalki (tomatpure)
- › 10 matskeiðar jómfrúarólfuolía
- › 3 matskeiðar hrísgrjónaedik (eða annað edik)
- › 2 tsk salt
- › ½ tsk nýmalaður svartur pípar
- › ¼ tsk Tabasco sósa

Aðferð

Blandið saman hvítlauk, steinselju, kóríander, basil, tomat og tomatmalki í matvinnsluvél eða morteli. Bætið við olíu og ediki og blandið 1–2 mínútur eða þar til sósan er mjög slétt. Bætið Tabasco ef fólk vill og smakkið til með salti og pípar. Sósa getur verið í kæli í nokkra daga en er best rétt eftir blöndun.

Lambakótilettur

- › 6 hvítlausrif, sneidd fínt
- › 3 matskeiðar olía
- › Flögusalt og ferskur malaður pípar eftir smekk
- › 8–10 stk. þversneiddar lambakótilettur

Aðferð

Sameinið hvítlauk, kryddjurtir og olíu. Nuddið kótiletturnar með salti og pípar og smyrjið með jurta- og hvítlauksblöndu. Setjið í plastpoka og geymið í kæli í 1–2 klst. Byrjið að hita grillið, þá er kjötið tekið úr kæli og leyft að ná stofuhita. Grillið lambið yfir miðlungshita í um 4 mínútur á hvorri hlið, snúðið bara einu sinni. 60° C í kjarnahita er miðlungssteikt en flestir vilja kótilettur stökkar og vel eldaðar. Berið fram með Chimichurri-sósu sem er hellt yfir kjötið með aukaskammt til hliðar.

Vélabásinn

Renault Captur er bíll sem tekið er eftir

Á sumrin eru ekki mörg bílaumboð sem eru með opið á laugardögum. Þar sem ég prófa bíla, vélar og tæki í aukavinnu um helgar þá er ekki úr mörgum umboðum að velja þegar kemur að helgarprófunum. Þessir pistlar mínir eru svolítið farnir að litast af Heklu og BL! Að þessu sinni varð fyrir valinu Renault Captur frá BL, bíll sem ég ætlaði að vera búinn að prófa fyrir löngu síðan.

Litasamsetning flott og litáurval mikið

Frá því að ég sá þennan bíl fyrst hefur mér alltaf fundist hann flottur og þá sérstaklega litasamsetningin. Hægt er að fá Renault Captur í a.m.k. níu mismunandi litasamsetningum sem eru að mínu mati allar flottar (mundi örugglega vera mikið hugarstríð fyrir mig að velja). Þó svo að bíllinn sé bara með drif á einum öxli er hann svolítið jepplingslegur í útliti þar sem hátt er undir hann. Þrátt fyrir að hann virki hár eru ekki nema 17 cm undir lægsta punkt, en aftari hluti bílsins er samt töluvert hærri. Það getur verið varhugavert á niðurgröfnum vegslóðum.


Prufuaksturinn

Bíllinn sem ég prófaði er með 1500 cc díselvél sem á að skila 90 hestöflum og var sjálfskiptur. Ég ók bílnum tæpa 170 km og byrjaði á rúmum



Íslenska vegakerfið er ekki það burðugt að hægt sé að keyra án varadekks.

100 km í langkeyrslu. Sæti eru mjög góð og fara vel með bæði ökumann og farþega í aftursætum. Sem dæmi



Sá sem á þessi hné er 1,85 m á hæð. Þótt framsætið sé í öftustu stöðu er nægt pláss.

settist fullorðinn einstaklingur í aftursætið hægra megin og var þá framsætið í öftustu stöðu. Þessi



Gott aðgengi að vél og auðvelt að skipta um perur – jafnvel þótt bíllinn sé franskur!



Captur virkar hár að aftan en of niðurlútur að framan.



Captur er lægri að framan en virðist við fyrstu sýn.

vinur minn er um 185 cm hár og var nóg pláss fyrir framan hnén á honum, en það hefði örugglega verið þröngt til hliðanna ef þrír jafningjar hans hefðu setið með.

Seinni hluti prufuakstursins var innanbæjarakstur og á hraðahindrunum fannst mér bíllinn höggva leiðinlega á fjöðrunina, en aftur á móti fannst mér mjög gott að keyra hann á malarvegi þar sem hann var stöðugur og fjöðrunin virkaði mjög vel. Krafturinn var allt í lagi (sjálfur á ég bíl með nánast sömu vél, en beinskiptan). Sjálfskiptingin er góð og finnur maður nánast ekkert fyrir því þegar bíllinn skiptir sér upp eða niður.

Kostir mun fleiri en ókostir

Kostir Renault Captur eru ótvírætt útlit, verð og lítil eldsneytiseyðsla.



Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is

Helstu mál og upplýsingar

Hæð	2.031 mm
Breidd	1.778 mm
Lengd	4.122 mm
Þyngd	1.245 kg



Æ fleiri bílar eru fánlegir með leiðsögukerfi sem er auðvelt í notkun.

Uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 3,9 lítrar af dísel á hundraðið (þar sem ég byrjaði á langkeyrslu sá ég eftir um 70 km akstur að mín eyðsla var 4,1 lítrar á hundraðið). Eftir 160 km akstur skoðaði ég eyðsluna á ný og reyndist hún vera 4,7 lítrar á hundraðið. Það finnst mér mjög gott miðað við sjálfskiptan bíl (best er ég að ná mínum beinskipta bíl í 4,6 lítra á hundraðið með nánast sömu vél). Mjög mikið af aukabúnaði er í bílnum svo sem leiðsögukerfi á 7 tommu skjá, Bluetooth, USB og AUX tengi, bakkskynjari, sjálfvirk brekkuhemlun og margt fleira. Ókostur er að ekkert varadekk er í bílnum sem ég er alltaf ósáttur við. Bíllinn var á 17 tommu vetrardekkjum (ég vil vera á sumar-dekkjum á sumrin). Að mínu mati hefði mátt minnka felgustærðina niður í 16 tommur og fá þannig betri fjöðrun út úr dekkjunum, sérstaklega á hraðahindrunum. Renault Captur má ekki draga nema 1200 kg kerru eða vagn með bremsum.

Gott verð og lánakjör

Ódýrasti Captur bíllinn er beinskiptur og kostar frá 3.490.000 kr. Bíllinn sem ég prófaði er sjálfskiptur með sex þrepa sjálfskiptingu og kostar 3.790.000. Hægt er að fá 90% lán hjá BL við kaup á nýjum bílum og miðað við svoleiðis lán væri mánaðargreiðsla 55.858 kr. á mánuði ef keyptur væri sjálfskipti bíllinn.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjálmurinn verður að passa og má ekki vera gamall

Með aukinni umferð reiðhjóla hefur reiðhjólalýsum á landsvísu fjölgað. Flestir sem hjóla sér til heilsubótar og ánægju nota öryggishjálma. Reiðhjólalýsum skal endurnýja á fimm ára fresti

Ástæða þess að endurnýja skal reiðhjólalýsum reglulega er að með tímanum hardnar efnið í þeim og þornar. Gamli hjálmar geta því verið brothættir og gefið falska öryggiskennd. Hjálmurinn verður einnig að passa vel á höfuð þess sem hann notar.

Flestar konur eiga til dæmis að nota hjálma sem merktir eru S sem táknar *small*. Stærð S í sentímetrum frá enni, fyrir ofan eyru, og aftur á hnakka er 55 til 56. Hjálmar merktir M sem er *medium* eru aftur á móti 57 til 58 sentímetrar að stærð sem er algeng stærð fyrir meðalkarlmann.

Hjálmar eiga að sitja þétt á höfðinu og sé höfuðið hrist á hjálmur-

inn að fylgja hreyfingum þess en ekki dingla laus því þá er hann of stór. Þessa mælingu má nota fyrir allar gerðir hjálma hvort sem það eru reið-, vélsleða-, fjór hjóla- eða mótorhjólalýsum.

Slysum fjölga samfara auknum hjólréiðum

Varla hefur farið framhjá neinum að vinsældir reiðhjóla, reiðhjólafélaga og reiðhjólakeppna eru miklar. Varla líður sú helgi að ekki sé einhvers staðar verið að keppa á reiðhjólum á vegum úti. Miðað við hversu vegir eru þröngir er með ólíkindum hversu fá slysu eru á reiðhjólafólki og árekstrar bíla fátíðir sem rekja má til reiðhjólalýsumferðar á vegum.

Þegar ég var að alast upp var mér ráðlagt að hjóla á móti umferð í vegkantinum. Í dag er fátítt að maður rekist á reiðhjólafólk á öfug-

um vegarhelmingi, þó gerist það. Í sumar mætti ég fjölskyldu norður á Ströndum sem kom hjólandi á móti mér í vegkantinum. Fyrir mína parta fannst mér þetta betra, allavega þarna á malarveginum sem ég var á.

Algengt er að sjá hjólafélaga hjóla hlið við hlið og þegar þeir heyrja í bíl er farið í einfalda röð. Hins vegar brá þeim reiðhjólalýsumferðum sem ég kom aftan að í fyrirasumar þegar ég var að prófa rafmagnsbíl og kom hjólaust aftan að þeim.

Með auknum fjölda hjólausra rafmagnsbíla ættu menn að huga að því hvort ekki væri öruggara að hjóla á öfugum vegarhelmingi á fáförnum vegum.

Hjólahópar vina oft hættulegastir

Fyrir skemmstu fylgdist ég með hundrað kílómetra alþjóðlegum hjólatúr kvenna sem kona mín tók



Álmennt eru þjóðvegir ekki hannaðir nema fyrir bílaumferð og þegar reiðhjól bætast við getur verið þröngt fyrir alla.

þátt í. Það var að sjá og heyrja að konurnar sem tóku þátt skemmtu sér vel. Því miður gáðu þær þó ekki alltaf að sér og voru of margar hlið við hlið á þjóðveginum. Nokkrum sinnum mynduðust hættulegar aðstæður þar sem illa hefði getað farið. Konur fá þrátt fyrir það plús hjá mér fyrir litrkan klæðnað þannig

að þær sáust vel og það hægði tímanlega á umferðinni. Það er nefnilega margsannað að áberandi klæðnaður reiðhjólafólks hægir á umferðinni og gefur öðrum meira svigrúm til að bregðast við í tíma.

Höldum endilega áfram að hjóla; hreyfingin er holl og góð.

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is



Járngríðingastaurar Túngirðinganet Gaddavír - Stagvír

Vír og lykkjur ehf

Lyngás 8, 210 Garðabæ
viroglykkjur@intenet.is
facebook.com/viroglykkjur
Sími 772-3200



GETUM ÚTVEGAÐ ALLAR GERÐIR
PÉTTINGA Í GLUSSATJAKKA
JAFNT Í MILLIMETRUM SEM
TOMMUMÁLI

- Nýsmíði og viðgerðir á glussatjökum
- Flytjum inn sérsníðnað skerastál í allar gerðir af skóflum, hefil, snjó og ýtutönnum
- Tennur og tannhaldara í malbiksfræsara
- Bjóðum almenna renni og járnsmíði



Krókháls 5f 110, Reykjavík
Sími: 587-5650
www.arentsstal.is

KRAFTVÉLAR



New Holland TVT. 195 hestöfl.

Árgerð 2008, 8.700.vst.
CVT stiglaus skipting, framlyfta, ný framdekk fylgja. Verð **8.190.000 + vsk**



Krone BigPack stórbaggavél.

Árgerð 2003. Baggar 120cm x 90cm. Sópvinna og annar búnaður vel hirtur. Verð **2.190.000 + vsk**



Welger RP200 rúllu-bindivél.

Árgerð 1995. Sópvinna 1.500mm. Garnbindibúnaður. Verð **380.000 + vsk**

Nánari upplýsingar veita sölumenn Kraftvéla í síma 535-3500.

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textauglýsing kr. 1.900 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 4.900 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 12:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Til sölu enskir Cocker Spaniel hvölpur. Báðum foreldrum gengið vel á sýningum og er pabbinn nýorðinn meistari. Ættbók frá Hrfi, verða örmerktir, ormahreinsaðir og þeim fylgir einnig startpakki. Ensukur Cocker Spaniel hentar vel fjölskyldufólki. Frekari uppl. í síma 868-9455 og á www.leirdals.is og leirdals@leirdals.is.



Til sölu þrjú uppblásin viðburðatjöld með blásurum. Eitt tjaldið er 25 x 40 m og tvö tjöld eru 25 x 28 m. Tilboð og uppl. hjá mattiharalds@gmail.com og í síma 843-7517. Hægt er að sjá fleiri myndir úr tjöldunum á: https://www.facebook.com/oldungur2015/photos_stream Myndband af tjöldun: <https://plus.google.com/u/0/+Sveinn-HalldorOddssonZoë>



Óska eftir 10-20 International, árg. ca. 1928-1930, til upptektar. Tilbúinn að skoða allt. Uppl. í síma 862-2408.



75 þekkt næringarefni.

Nýttu fæðuna betur Vertu í betra formi

Aloe Vera heilsunnar vegna

Hilf og Magnús
S. 822 8245 - 822 8244
maggi.d@intenet.is
Súlfæðingarefni
Forever Living Products

Ég spái því að ef þú tekur ekki völdin og hugar vel að heilsu þinni þá þá þá eithvað.



Framleiðum sumarhús, gestahús og ferðapjónustuhús. Ýmsar stærðir og gerðir eftir óskum kaupenda. Vönduð vinna, góð verð. Nánari uppl. á smidholt@gmail.com eða í síma 899-2802. Erum einnig á Facebook.



Ford Econoline 350, árg.'89.4x4, breyttur f.44", ný 40" dekk. Fullur af aukahlutum. Ath. skipti. Sjá vefslóðina: <http://www.jrbilar.is> Uppl. í síma 697-7766, og á svennistef@gmail.com



Húsbíll Bens Sprinter 212 D árg.'96. Byrjað er að rífa bílinn til riðbætingar og selst hann í því ástandi. Bíllinn er hlaðin aukabúnaði. Uppl. í síma 893-5350.



Til sölu endurhlaðanleg LED ljós 20W, og bakkmyndavélar með 7" skjá uppl. á www.ledis.is



Land Cruiser 60 árg. 1985 breyttur 38", high roof ekinn 255 þ. km. Án bifreiðagjalda, 2 eigendur. Verð 890.000 eða tilboð. Engin skipti. Uppl. í síma 699-4460.



Til sölu sturtuvagn. Uppl. í síma 824-0100.



6st 10 manna bátar, 5,9m langir ásamt móturum, flotgöllum, vestum, stígvélum, vettlingum og sjóstöngum. ath. aðeins selt í einum pakka. Verð 6,5 millj. Nánari uppl. í síma 784-3960.



Yamaha 700F1 2007 m/rafmagnsstýri. Ekið 15.500km / 1060klst. Verð 790 þús. Uppl. veitir Óli í síma 894-3429. Möguleiki á 36 mán Visa láni.



Renault Midlum 220 Dxi, árg.'07. 2ja tonna lyfta og úrvals kassi. Stöðugt og gott viðhald. Uppl. hjá Guðjóni í síma 892-2992.



Victoria píanóharmonika Professional 120 bassa. Harmonikan er með Music Maker tölvukerfi og pikkupum. Lítið notaður Behringer bassamagnari fylgir. Uppl. í síma 892-8209.



Til sölu 5 kw ónotuð kamína. H: 83,5 - B: 53 - D: 35,5 cm. Reykrör út að ofan. Kostar ný hjá Bauhaus 89.900. Verð 70.000. Uppl. í síma 664-0368.



Fiskur og Franskar. Til sölu lítið og nett fiskipvottakar, getur hentað sem pvottakar fyrir kartöflur o.fl. Nánari uppl. í síma 893-1802.



Til sölu góður strandveiðibátur með öllum búnaði. Nánari uppl. í síma 899-8320 á milli kl 19:00-21:00 á kvöldin.



Ford Focus 1600 cc árg.'08 ek 125 þús bsk. Vel útbúinn bíll í toppstandi m. hita í framrúðu, aksturstölvu, ofl. Einn eigandi. Uppl. í síma 893-2203.



Til sölu Case 695 SR árg.'07 notuð 6260 vst. Einn eigandi. Vélin er vel með farin í góðu standi. Alltaf þjónustuð af Vélaborg. Ásett verð 5,6 millj. án vsk. Uppl. í síma 892-9011.

SILUNGANET!



Flot og sökknet
Breytt felling -
Meiri veiði
Ala- og
Bleikjugildirur



Sími 892 8655

www.heimavik.is

LINHAÍ 500



Götuskráð hjól, sjálfskipt, hátt og látt drif, 100% handlæsing á framdrífi, sjálfstæð fjöörur á öllum hjólum, áfægur og dráttarkrókur.

1.279.000,-

VDO

Tunguhálsi 19 - 588 9747 - www.vdo.is

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?



Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.

Tímavinna eða tilboð.

Sími 544-4444 / 777-3600

www.jaiðnaðarmenn.is

VIÐ KAUPUM



FULLHREINSUÐ

AÐALBLÁBER

BLÁBER

KRÆKIBER

HRÚTABER

RIFSBER

SÓLBER

YLLIBER

STAÐGREIÐSLA

urta.islandica

Sími: 5650447

jurtir@urta.is

www.urta.is



Welger double action 220 profi. Árg. '05. Notkun 20.000 rúllur. Verð 4.890.000 + vsk. Síðsumarsverð 4.590.000 + vsk



Vicon RV1601. Fastkjarna stórar rúllur. 14 hnifar og net. Verð 1.490.000 + vsk.



Claas Rollant 255 Roto Cut. Árg.: '06. Notkun: 13000. Verð án vsk: 2.400.000. Síðsumarsverð 2.250.000 + vsk.



Welger RP 202 Classic. Árg. '03. Verð 590.000 + vsk.



Tarup Bio samstæða. Árg. '09. Notkun 10-12.000 rúllur. Verð 4.900.000 + vsk. Síðsumarsverð 4.690.000 + vsk



Welger RP200. Master cut. Breiðsópur og hnifar. Verð 590.000 + vsk



Nýr skrifstofu Gámur, hiti og rafm. Verð 1.290.000 + vsk



Fliegl baggakló, verð 290.000 + vsk



REYKJAVÍK S: 414-0000 • AKUREYRI S: 464-8600



McHale 160 cm. Árg. '97. Euro festing. Staðsetning: VB-Landbúnaður Akureyri. Tilboð. 50% afsláttur! Verð áður 380.000 án vsk. Verð nú 190.000 án vsk.



Vicon RV 1601. Árg. '06. Fastkjarna rúlluvél, 14 hnifar. Rúllustærð 0,90 til 1,60. Auka belti fylgir. Notkun: ca 11.500 rúllur. Staðsetning: VB-Landbúnaður Akureyri. Vél alltaf geymd inni og er í góðu lagi. Verð 2.600.000 án vsk.




Krone Kr 130. Árg. 97-98. EINFÖLD og góð vél. Mjög vel með farin. Ávalt geymd inni og er í topplagi. Er með garbindingu. Notkun: ca. 18.000 rúllur. Staðsetning: Austurland. Verð 390.000 án vsk.



Lely Welger DA 235 Profi. Árg. '13. Vél notuð í tvö sumur. Smurkerfi á keðjur og legur. Myndavél. 25 hnifar. Dekk 505/50-17 R. Ávalt geymd inni. Notkun: 5,535 rúllur. Staðsetning: VB-Landbúnaður Akureyri. Verð 8.500.000 án vsk.



Deutz Fahr MP 235. Árg. '07. Búnaður: Nýrri gerðin af Deutz Fahr samstæðunum. Öflug vél sem er í toppstandi. Búið að endurnýja sóp og fl. Yfirstærð af dekkjum. Notkun: 23.000 rúllur. Staðsetning: Reykjavík. Verð 3.740.000 án vsk.



McHale 991BE. Árg. '03. Sjálfvirk vél með tölvu, autostýrð. Ekki verið í notkun í ca. 3 ár Alltaf geymd inni. Falleg og vel með farin vél. Staðsetning: Norðurland. Lágt verð vegna galla! Telur ekki pökkunarhring, líklega farinn skynjari undir pökkunarborði. Verð 690.000 án vsk.



Rúlluvél TILBOÐ! McHale Fusion 2. Árg. '08. Búnaður: Hnifar, breiðsópur og net. Notkun: 60.000 rúllur. Staðsetning: VB-Landbúnaður Akureyri. Ný keðja vinstra megin. Sópur uppgerður og fl. Vél í góðu lagi. Verð áður 4.150.000. Ýmis skipti skoðuð. Verð 3.650.000 án vsk.



Úrval af girðingarefni til sölu. Túnnet er frá kr. 7.200 stk.+ vsk. IsBú Síðumúla 31, 108 Reykjavík. Sími 562-9018 - isbu@isbutrade.com eða á isbutrade.com



Framleiðum krókheysisgrindur með eða án gámalása. Grunnnaðar og/eða málaðar. Gott verð. Vagnasmíðjan. is - Eldshöfða 21 Rvk. Uppl. í sínum 898-4500 og 894-6000.



Samasz sláttuvélar, ýmsar stærðir. Verð frá 275.000 án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Metar-Fact taðdreifari, 6 tonna. Fyrirliggjandi á Austurlandi. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Taðklær. Breidd 150 cm 239.900 án vsk. Breidd 180cm, 269.000 án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Palmse malarvagn, fjaðrandi hásingar og beisli, burðargeta 18 tonn. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Kranzle þýskar háprýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.



Extech mælitæki í úrvali. Rafmagnsmælir og ampertöng í tösku, verð 20.866. Rakamælir - Hitamælir frá 6.777. Hljóðmælir, verð 37.540, o.m.fl. Ísmaur, Síðumúla 28, sími 510-5100, www.ismar.is



Sparaðu áburð og olíu. GPS leiðsögotæki landbúnaðarins tryggir rétta áburðardreifingu og getur sparað olíu- og kostnað. Ísmaur, Síðumúla 28, sími 510-5100, www.ismar.is



Vagnasmíðjan auglýsir. Getum afgreitt í sept og okt nýja grimmsterka Hardox palla. Bæði stakar skúffur og einnig skúffu, sturtgrind og tjakk tilbúið að setja á 3ja og 4ja öxla nýja eða notaða bíla. Lýsing, myndir, myndband og teikningar á vagnasmíðjan. is. Uppl. í sínum 898-4500 og 894-6000. Vagnasmíðjan ehf. Eldshöfða 21, Rvk.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt) www.sogaenergyteam.com - Stærðir: 10,8 KW - 72 KW. Stöðvarnar eru með eða án, AVR (spennujáfnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði, td. Mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum ofl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsofandi dælur í mörgum stærðum, fyrir magnþælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háprýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsnum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2"-3"-4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflagjafir: rafmagn, bensín / diesel, glussaknúnar (mjög háprýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak



Liebherr L507 Speeder hjólaskófla
2005 árg.
Skófla, gaflar og hraðtengi.
Snyrtileg og vel með farin vél.
Verð 3,9 m + vsk
Uppl. í síma 660-6051



Yanmar Vio38
2012 árg. 4 tonn, 420 vst
Vökvahraðtengi, 3 skóflur
þar af ein tilt. Vel með farin vél.
Verð 5 mkr + vsk
Uppl. í síma 660-6051



Yanmar SV18 smágrafa
2015 árg.
1,9 tonn
Uppl. í síma 660-6051



Yanmar C12 beltavagn
2015 árg.
Burðargeta 1150 kg
Uppl. í síma 660-6051



Kaeser M135 loftpressa
2011 árg. 13 rúmmetra,
10 bör. 18 KW rafall.
Uppl. í síma 660-6050



Liebherr 40K
1983 árg, 37,5 m bóma
Fjarstýring, á keyrsluspori,
tengistykki fyrir öxla og fl.
Mjög gott ástand.
Verð 3,6 mkr + vsk.
Uppl. í síma 660-6051



Weber jarðvegsþjöppur og hoppara til á lager
Uppl. í síma 660-6051



Tsurumi dælur í miklu úrvali
Uppl. í síma 660-6050
Uppl. í síma 660-6051.





Vökvunarbúnaður fyrir ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum. Sjálfsgandi traktor-drifnar dælur. Bensínknúnar dælur með Honda mótorum, allt að 4" díseldrifnar dælur í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vökvaknúna vatnsdælur fyrir tankbíl og dráttarvélar. Sjálfsgandi dælur sem dæla allt að 120 tonn um á klst. Einnig Centrifugal dælur með mikinn þrýsting, allt að 10 BAR. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstipvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - Aflgjafar, rafmagn, Hondabensín, Yanmardísel, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstibúnaður fyrir stíflulosun í skolp og drenörum. Getum útvegað þennan búnað í mörgum útfærslum og styrkleikum. Fyrir rör frá 30 mm upp í 900 mm. Háþrýstilöngur allt að 150 metrar á lengd, 3/8", 1/2", 5/8", 3/4". Bensín / dísel, vatnsflæði allt að 132 L / min @ 3000 Psi. Búnaður á sérsmíðuðum vagni með þrýstibremsum eða á stálgrind. Búnaðurinn hentar einnig vel fyrir öflugan háþrýstipvott. Vandaður og hentugur búnaður, fyrir sveitafélög og verktaða. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vatnshitara fyrir háþrýstipvott. Max þrýstingur : 200 Bar, 250 Bar, 500 Bar. Vatnsflæði: 15 L / min, 25 L / min. Max hiti á vatni : 140°. Hákonarson ehf., Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Á afar hagstæðu verði: Ziegler diskasláttuvélar 2,9 mt. hraðfestingar á hnifum, skólaus diskabakki dregur ekki með sér slegið hey, þýsk gæði endist tugi ára. Uppl. í sínum 587-6065 og 892-0016 og á facebook.



Traktor-drifinn trjúkurlari. Aflþörf 25 – 60 hö. Stillanlegt frágang. Vökvaknúnn matari. Hraðastilling á matara. Hæðarstilling á fótum. Tekur allt að 200 mm Ø. Nánari uppl. í síma 824-6610.



Ford Transit, árg. '13, ek. 37 þús. Háþekja og langur, 3,5 tonna bíll. Klæddur að innan. Auka tímastilt olíumiðstöð. Negld dekk og sumardekk fylgja. Ný yfirfarinn af Brimborg, vsk.-bíll, dráttarkr., rennihurðir beggja vegna. Eins og nýr. Uppl. í síma 663-4455 og á jrbilar.is



Samasz heyþýla, vinnslubreidd 530 m. Verð 892.000 án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Samasz slátturvélasamstæði. Vinnslubreidd 8,6 m. Nýtt heimset í slætti. Sjá Búvís á Facebook. Verð 3.833.000 + vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Samasz slátturvél, vinnslubreidd 3 m. Verð 1.082.000 án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Er að smíða jeppa, vörubíla og kranabíla góða til útleikja. Einnig burstabæi eftir þöntun. Er á facebook "Hobby Hadda". Uppl. veitir Hafsteinn í síma 462-1176.



MB Sprinter 312D árg. '99, með lyftu, ekinn 276 þús, sjálfskiptur. Verð 990 þús. Skoða skipti á fjórhjól eða sexhjól og fl. Uppl. í síma 892-1051.



Árg. '99 skoðaður '16, 8 metra opnun. Nánari uppl. veitir Ásgeir í síma 892-1817.



Árg. '95 skoðaður '16. Gott verð nánari uppl. veitir Ásgeir í síma 892-1817.



Brynningarvagn nýsmíðaður, tekur 1600 lítra með sjálfvirkri áfyllingu í brynningarskál sem er aftaná. Verð 279.000 + vsk. Uppl. í síma 896-8761.



Schmitz 18 tonna kerra/vagn. Árg. '92. Verð 450.000 + vsk. Þarfnast aðhlynnir. Uppl. í síma 852-9100.



Til sölu trúss/vélsleðakerra. Tveggja öxla, gorma fjöðrun. Burðargeta 880 kg. B-145 cm, H-155 cm, L-324 cm. Nýtt í bremsum. V. 430.000. Uppl. í síma 611-4923.



Chevrolet Siverato 2500, árg. '04 6,6 duramax, ssk. ekinn 127.000. Rafmagn í öllu, extra langur pallur vel með farinn dekurbill og ósallaður, sjón er sögu ríkari. Er til sýnis í Bílabankanum Eirhöfða 11. Uppl. í sínum 588-0700 og 893-8831 á kvöldin.



Til sölu Suzuki Vitara, nýskráður '04, v-6 ssk, ný dekk, skoðaður '16, ekinn 78.000. Verð kr. 780.000 bein sala. Uppl. í síma 897-1063.



Tecshop.is Opnunartíloð Risa Tölvunetverlun á Íslandi yfir 30.000 vörunúmer. Sendum um allt land.



Rockwood Premier 1904 árg. '09 skoðað 2017 10 fet, Truma, þrýstibremsur, markisa, upph.dýnur, heitt/kalt vatn, CD, útvarp, ferðaklósett, ísskápur, 1.290.000 staðgreitt. Uppl. gefur Hermann í síma 845-7711 hermannraf@gmail.com



Til sölu tengigrind hitaveitu. Tveggja ára gömul og notuð í um 8 mánuði, er fyrir 220m3 einbýlishús. Tilboð óskast. Uppl. í síma 856-1102.



Hef til sölu þína strandveiðibát, Hafró SH-29. 3 færaruðill. Allt tekið í gegn 2012, Má þá t.d. nefna allt sem viðkemur rafmaga, allir spottar, töflur, alternatorar og rafgeymar. Einnig mikið í stýrishúsi. Véll BUKH dv36, Gengur 6 mílur. Hentar vel í eyjabrótt og til rollu-flutninga, Klíkkar ekki. Nánari uppl. gefur Eymar í síma 863-0741.



Nýr keruöxull ásamt felgum með nýjum dekkjum. Uppl. í sínum 820-0929 og 820-0989.



Eigum til eitt stk nýtt Polaris Sportsman ETX 400 fjórhjól, árg. '15. Hjólið er arftaki hins geysivinsæla 500 hjóls frá sama framleiðanda. Hagkvæmt, lipurt og fjölhæft fjórhjól á hagstæðu verði. Hentar bæði sem vinnuhjól og fríttundatæki. Verð 1.590.000 m/vsk. Cobolt Verkstæði ehf Freyjunes 6, 603 Akureyri Uppl. í síma 461-1500, cobolt@cobolt.is



Dráttarvél til sölu, Branson 2900, 28hö 4X4 2013, árg. '85. V.stundur með ámoksturtækjum og gröfu (backhoe, aflúrtak aftan og undir miðju sturtuvagn fylgir. Verð 3 millj. Fín vél til smáverka. Uppl. á tf3ks@simnet.is



Til silungsveiða - lagerhreinsun Hringnót, 100x12m. Nótarefni, nælon, 14-40 mm. 2 silungagildur, 5 álagildur. Ádráttarnót 35 m. Verð samkomulag. Uppl.veitir Jón í síma 892-7864 og á jonkr@mmedia.is

New Gebra

Einkakennsla í stærðfræði. Lesið umsagnirnar á síðunni www.newgebra.org.

Eldri blöð má finna hér á PDF:



Bændablaðið



Eigum til á lager nýjar beltagröfur 25 tonn, 35 tonn og 50 tonn.



Eigum til á lager nýja fleyga og klemmu frá FRD



Getum útvegað Bomag jarðvegsþjoppur frá 70 – 750kg



Getum útvegað undirvagns hluti á allar vélar, bæði á stál og gúmmibeltum frá Linser.

VÉLAFL

Uppl. í síma 893-8424 / set@velafl.is og á 694-3700 / gk@velafl.is

Ástæður þess að íslenskir kúabændur velja kjarnfóðrið frá Bústólpa

Kúafóður Bústólpa er hannað og framleitt fyrir íslenskar aðstæður þar sem þess er gætt í hvívetna að fóðrið uppfylli sem best þarfir íslensks búfjár á hverjum tíma. Við framleiðsluna hjá Bústólpa er notuð besta fáanlega tækni sem tryggir best varðveislu næringarefnanna, hámrörkun kögglagæða og um leið örveru- og sjúkdómaöryggi þar sem allt fóður er hitameðhöndlað á síðustu stigum framleiðslunnar áður en það er afhent til bænda.

Hátt innihald af hágæða fiskimjöli, fjölbreytt hráefnaval, sérblönduð steinefni og vítamín fyrir íslenskar aðstæður

ásamt háu innihaldi af lífrænu Seleni, framúrskarandi kögglagæði sem henta í sjálfvirk gjafakerfi og hagstætt verð eru þeir þættir sem best lýsa kjarnfóðrinu frá Bústólpa.

Við endurnýjun tækjabúnaðar í verksmiðju Bústólpa var þess gætt að velja bestu tækni með tilliti til aukinna kögglagæða, örveruöryggis og varðveislu næringarefna í fóðrinu en um leið hámrörkun á arðsemi við vinnsluna.

Nýr vinnslubúnaður og framleiðslutæknin tryggja þannig jöfnun gæða og lægri tilkostnað.



- ◆ Sérblönduð steinefni og vítamín sem henta íslenskum aðstæðum
- ◆ Allt fóður er hitameðhöndlað á síðustu stigum framleiðslunnar, sem eykur örveruöryggi
- ◆ Hátt hlutfall af hágæða fiskimjöli sem tryggir hámarksafurðir mjólkurkúa
- ◆ Einungis er notað lífrænt Selen í kjarnfóður Bústólpa
- ◆ Einungis eru notuð gæða hráefni við framleiðsluna
- ◆ Framúrskarandi kögglagæði sem henta sjálfvirkum gjafakerfum
- ◆ Besta fáanlega tækni við vinnsluna sem tryggir gæði, nýtingu og varðveislu næringarefnanna í fóðrinu
- ◆ Skapar fjölda starfa og skilar arði til Íslensks samfélags
- ◆ Tryggur aðgangur að hágæða kjarnfóðri og góðri þjónustu á öllum tímum
- ◆ Bústólpi er leiðandi í móttöku og vinnslu á íslenskt ræktuðu korni og nýtingu þess við kjarnfóðurframleiðslu
- ◆ Framleiðsla Bústólpa er vöktuð með virku gæðakerfi á öllum stigum allt frá vali hráefna til afhendingar fóðurs til bænda
- ◆ Bústólpi leggur tryggum viðskiptavinum sínum til fóðursíló og búnað þeim tengdum án endurgjalds
- ◆ Bústólpa er annt um íslenskan landbúnað og íslenskt samfélag




Bústólpi

Oddeyartanga, 600 Akureyri — sími 460 3350 — www.bustolpi.is — bustolpi@bustolpi.is

